



SKÍMA

MÁLGAGN MÓÐURMÁLSKENNARA

2. tölublað 35. árgangur 2012

Prentvæn endurgerð á tölublaði sem kom upphaflega út sem rafrít

Útgefandi

Samtök móðurmálskennara
Kennarahúsinu við Laufásveg
101 Reykjavík

Ritstjórar



Bjarki Karlsson
bjarki@fraedi.is



Helga Birgisdóttir
helgabi@hi.is

Ritnefnd



Brynja Baldursdóttir
brynja69@gmail.com



Brynja Baldursdóttir
brynjab@fg.is

PDF-endurgerð

Þetta tölublað kom út í október 2012 sem rafrit á vef Samtaka móðurmálskennara, modurmal.is, þar sem það var sniðið með skjábirtingu í huga. Í febrúar 2014 skiptu samtökin um vefbirtingarkerfi og var þá ákveðið að setja blaðið upp á PDF-sniði sem hentar betur til útprentunar og er í stíl við prentuð tölublöð *Skímu*, eins og þau hafa litið út fram til 2010 og frá og með 2013.

Umbrot PDF-gerðar (2014):

Bjarki Karlsson

Efnisyfirlit

Frá ritstjórum:	3
Vögguvísa, skáldsaga á sjötugsaldri fyrir unglinga nútímans.....	5
Málið með barnabækur	8
Íslensk málstefna – fer einhver eftir henni?	11
Snjallmál – staða íslenskunnar í snalltækjum og öppum	13
Fer orðaforði minnkandi (hrakandi og þverrandi)?	15
Lestrarhestar í kapphlaupi: Spannandi spurningakeppni um bækur	19
Jólaþjóf	21
Að beita bókum fyrir börn og unglinga	22
Geta þau ekki bara lesið almennilegar bækur?.....	25
Læsi á leikskólanum Mánagarði	28
Hjallastefnan, skýr skilaboð á kjarnyrту máli	30
Skapandi og skemmtileg málfræðikennsla	32
Uppgötvun í öndvegi	33
Íslendingasögum spunninn vefur	37
Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans	40
Kræklótt, bugðótt og sveigð ævisaga ð-sins	42

Frá ritstjórum

Þetta hefti *Skímu* er hið fyrsta sem kemur út eftir að Svanhildur Kr. Sværisdóttir lét af störfum sem ritstóri og undirrituð tóku við. Brynja Baldursdóttir, kennari í FG, situr áfram í ritnefnd sem fulltrúi framhaldsskólustigsins og miðlar af reynslu sinni. Alnafna hennar, Brynja Baldursdóttir, kennari í Hagaskóla, hefur bæst í hópinn og er fulltrúi grunnskólakennara í ritnefndinni.

Þema þessa heftis er, í nokkuð víðum skilningi, unga fólkíð og íslensk tunga. Í blaðinu er að finna tvær greinar um hvernig markvisst er unnið með tungumálið á leikskólum. Annars vegar er um að ræða umfjöllun Írisar Daggar Jóhannesdóttur um leikskólann Mánagarð og hins vegar grein Margrétar Pálu Ólafsdóttur um leikskóla Hjallastefnunnar. Í báðum greinunum kemur ljóst fram mikilvægi þess að vinna á meðvitaðan og virkan hátt með tungumálið í leikskólum. Í greininni „Íslensk málstefna – skiptir hún yfirleitt máli?“ er hins vegar fjallað um íslenska málstefnu með tilliti til leikskóla landsins og bent á hversu litlu máli málstefnan virðist, því miður, hafa skipt við mótun leikskólastarfsins.

Brynja Baldursdóttir ræðir við Þórdísi Gísladóttur, rithöfund og þýðanda, um bækur, börn og tungumálið en Þórdís segir íslenska málstefnu vera merkingarlaust plagg séu ekki skapaðar forsendur

til að fara eftir henni. Hún bendir á nauðsyn þess að styðja við þá sem koma að útgáfu barnabóka og þar með stuðla að útgáfu góðra og vandaðra bóka.

Helga Birgisdóttir ræddi við Þorstein Surmeli, einn meðlima Lesstofunnar, sem sérhæfir sig í endurútgáfu eldri verka. Þau spjölluðu um bókmenntir og bókmenntakennslu í tengslum við *Vögguvísu*, skáldsögu Elíasar Marar, sem Lesstofan hefur gefið út, og var bók Lestrarhátíðar 2012.

Þá eru í blaðinu þrjár greinar um lestrarhvatningu og lestrarfærni. Ragnheiður Gestsdóttir er höfundur greinarinnar „Geta þau ekki bara lesið almennilegar bækur?“ en hún veltir því meðal annars fyrir sér hvað felist í því að vera læs og bendir á mikilvægi barna- og unglingabóka í því samhengi. Í „Að beita bókum fyrir börn og unglinga“ er fjallað um hvernig unglingar eru hvattir til að lesa og í „Lestrarhestar í kapphlaupi“ er gerð grein fyrir skemmtilegri og lestrarhvetjandi keppni í Grunnskólanum í Grindavík.

Sigurður Konráðsson spyr svo hvort orðafortíð ungs fólks fari minnkandi og þær Hanna Óladóttir og Margrét Guðmundsdóttir fjalla um málfræðikennslu í grunnskólum og mikilvægi þess að nemendur rannsaki eigið mál. Greinin er byggð á fyrirlestri sem þær fluttu á málþinginu *Víst er málfræði skemmtileg* sem Samtök móður-málskennara stóðu að ásamt Íslenska málfræðifélaginu, Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu og Málvísindastofnun Háskóla Íslands.

Auk alls þessa er í blaðinu fjallað um snjalltæki og íslenskt mál og bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans ásamt því sem fluttar eru ritfregnir, bæði af bók og vef. Loks prýða jólaljóð Þórðar Helgasonar blaðið. Vonandi líkar lesendum efni blaðsins.



HELGA BIRGISDÓTTIR



BJARKI KARLSSON

Vögguvísa

skáldsaga á sjötugsaldri fyrir unglunga nútímans

Helga Birgisdóttir spjallar við Þorstein Surmeli,
einn meðlima Lisstofunnar

Lesstofan er útgáfuforlag sem stofnað var á vormánuðum 2011. Að henni standa fimm félagar sem kynntust í íslenskunámi við Háskóla Íslands og hittust oft á sameiginlegri lesstofu nemenda en þar kviknaði einmitt hugmyndin að útgáfunni. Lesstofan hefur endurútgefið þrjár skáldsögur og ein þeirra, Vögguvísa eftir Elías Mar, var valin bók Lestrarhátíðar 2012. Bókinni fylgja ítarlegar kennsluleiðbeiningar og í vetur var hún kennd í tólf grunnskólum og þrettán framhaldsskólum á landinu.

Endurmat á vanmetnum verkum

Þorsteinn segir nokkrar ástæður fyrir því að félagarnir fimm ákváðu að ráðast í bókaútgáfu. „Í fyrsta lagi fannst okkur vanta forlag á íslenskum bókamarkaði sem sérhæfir sig í endurútgáfum gamalla verka sem hafa fallið í gleymsku eða jafnvel aldrei fengið þá umræðu sem þau, að okkar mati, eiga skilið. Stundum eru bókmenntaverk ekki metin að verðleikum fyrr en löngu eftir útgáfu þeirra og við teljum nauðsynlegt að kynna íslenska lesendur fyrir slíkum bókum.

Við útilokum þó ekki að Lesstofan muni í framtíðinni gefa út ný, frumsamin verk en gætum okkar þó að hugsa ekki of langt fram í tímann. Í öðru lagi höfum

öll starfað í bókaverslunum í lengri eða skemmri tíma og fannst spennandi að standa hinum megin við borðið. Í þriðja lagi fannst okkur þetta tilvalin leið til að halda hópinn og fást um leið við það sem við höfum hvað mestan áhuga á.“

„Allir útgefendur eru mikilvægir útgefendur,“ segir Þorsteinn og vísar þar til þess að mikil eftirspurn sé eftir bæði frumsömdum og endurútgefnum bókum. Fyrsta bók Lisstofunnar, *Angantýr* eftir Elínu Thorarensen hefur selst vel og hið sama er að segja um Vögguvísa. Nú er þriðja bókin komin í verslanir, *Ferðin til stjarnanna* eftir Kristmann Guðmundsson.

Þorsteinn lítur ekki svo á að Lesstofan hafi einhverja sérstöðu

fram yfir aðrar bókaútgáfur og segir alla útgefendur vera mikilvæga útgefendur. „Það þarf hins vegar marga til að sinna því brýna verkefni að sjá um útgáfu þessarar bókaþjóðar. Okkur fannst pláss fyrir lítið forlag sem leggur höfuðáherslu á að endurútgefa gamlar bækur sem útgefendur, bæði fyrr og nú, hafa ekki sinnt nógu vel.“

Bækurnar sem Lesstofan hefur gefið út fram að þessu eru *Angantýr*, *Vögguvísa* og *Ferðin til stjarnanna*. Hvernig hefur þessum bókum vegnað? „Einhverjar þessara þriggja bóka sem við höfum gefið út hafa – hvort sem það er endurútgáfan eða frumútgáfan – fengið þann stimpil frá einum eða fleiri gagnrýnendum og menningarvitum að hafa ekkert „bókmenntalegt gildi“. Okkur finnst það frábær einkunn; þurfa Íslendingar ekki á forlagi að halda sem gefur aðeins út bækur sem hafa ekkert bókmenntalegt gildi?“

Hvers vegna Vögguvísa?

Vögguvísa kom fyrst út árið 1950 en sagan fjallar um unglingspiltinn Bambínó sem raunar heitir

Björn Sveinsson. Hann er nýfermdur reykviskur unglingur og í upphafi bókar flækist hann í glæp ásamt nokkrum eldri drengjum. Sagan fjallar um næstu daga á eftir og hvernig Bambínó tekst á við óvissu og hræðslu við að nást.

Sagan olli nokkru fjaðrafoki fyrst þegar hún kom út fyrir meira en hálfri öld síðan en hvers vegna ákvað Lesstofan að taka *Vögguvísu* upp á sína arma? „Flest lásur við bókina í fyrsta sinn í námskeiði í íslensku haustið 2007 og hún hefur verið okkur mjög minnisstæð síðan þá. Verkefnið sem við unnum í kjölfarið voru ekki síður skapandi en fræðileg en bókin býður upp á marga möguleika í kennslu og það finnst okkur mikilvægt í öllu námi.

Okkur fannst vanta bók á markað sem fjallar um unglíngamenningu eftirstríðsáranna, bók á borð við *Vögguvísu*, en hún hafði þá verið ófáanleg frá upphafi 9. áratugarins, þegar önnur útgáfa hennar seldist upp. Sú útgáfa var víða kennd í skólum. Við höfum nokkra reyngu af kennslu og vorum sammála um að bók á borð við *Vögguvísu* henti einkar vel til kennslu.“

Lesstofufélagar eru sannfærðir um að þótt *Vögguvísa* sé orðin nær 63 ára gömul tali hún til unglíngadagsins í dag. „Bambínó stendur frammi fyrir breytingum í sínu lífi sem ég held að margir, ef ekki flestir unglíngar gera, sama á hvaða tíma þeir eru uppi. Bókin fjallar um breytingar sem eiga sér stað í lífi allra ungmenna, þ.e. að þurfa að hætta að vera barn og verða fullorðinn. Unglingurinn er þetta millibilsástand sem varð til á eftirstríðsárunum, eins og við fjöllum um í eftirmála bókarið. Bókin fjallar öðrum þræði um þetta „ástand“ og hvernig Bambínó tekst á við breytingarnar.“



ÞORSTEINN SURMELI

Bambínó, bókmenntaborgin og Lestrarhátíð

Reykjavíkurborg, Bókmenntaborg UNESCO, stóð fyrir Lestrarhátíð í Reykjavík í október síðastliðnum. Stefnt er að því að sú hátíð verði árlegur viðburður en á þessari fyrstu hátíð var athyglinni sérstaklega beint að unglíngum og ungu fólki. Bók lestrarhátíðar var *Vögguvísa* og Lesstofan vann náíð með Reykjavíkurborg. „Við

unnum náíð með Reykjavíkurborg alla hátíðia,“ segir Þorsteinn. „Við stóðum fyrir alls kyns viðburðum, farnar voru bókmenntagöngur, haldið málþing og margt fleira.“

Á setningarhátíð Lestrarhátíðar flutti Lesstofukórinn, ásamt Fríðu Dís og Erni Eldjárn, lagið Chi-baba, Chi-baba (My Bambino go to Sleep) sem Perry Como gerði frægt árið

1947. „Þetta er lag sem persónur sögunnar „blístra að morgni dags og dansa eftir á kvöldin“ eins og segir á einum stað í sögunni. Þegar við ákváðum að gefa bókina út vorum við sam- mála um að lagið þyrfti að fá að ganga í endurnýjun lífdaga þar sem við vildum endurskapa stemmingu bókarinnar. Lagið fékk frábæran íslenskan texta eftir Jóhann Axel Andersen sem ber heitið *Vögguvísa*. Lagið er það nátengt sögunni að líklegt er að Elías hafi fengið hugmyndina að sögunni, eða í það minnsta aðalpersónunni þegar hann heyrði það.“

Í október var afhjúpaður bók-

„Allir útgefendur eru mikilvægir útgefendur,“ segir Þorsteinn og vísar þar til þess að mikil eftirspurn sé eftir bæði frumsömdum og endurútgefnum bókum. Fyrsta bók Lesstofunnar, *Angantýr* eftir Elínu Thorarensen hefur selst vel og hið sama er að segja um *Vögguvísu*. Nú er þriðja bókin komin í verslanir, *Ferðin til stjarnanna* eftir Kristmann Guðmundsson.

menntaskjöldur tileinkaður Elíasi Mar. Á honum er rafrænn kóði sem veitir aðgang að ítarlegri upplýsingum um bókmennta- slóðirnar ásamt myndefni og hljóðefni. Þorsteinn segir að allt „ítarefni“ á borð við bókmennta- skjöldinn muni gagnast við kennslu. „Það er undir kennurum komið að hversu miklu leyti þeir vilja fara „út fyrir“ bókina sjálfa og nálgast textann út frá öðrum sjónarhornum. Við erum mjög hlynnt því að unnið verði með bókina á skapandi hátt. Verkefni í kennsluleiðbeiningunum sem við sömdum miða flest að sköpun með beinum eða óbeinum hætti.“

Þrjú miðlar – mismunandi þarfir lesenda

Allar bækur Lesstofunnar eru gefnar út sem prentaðar bækur, í rafrænu formi og sem hljóð- bækur en það hefur verið stefna Lesstofunnar frá upphafi. „Þarfir lesenda eru misjafnar og við viljum koma til móts við alla þá sem vilja lesa bókina. Margir vilja eiga bækur í fýsisku formi og við leggjum því mikla áherslu á að hafa bækurnar okkar fallegar og eigulegar. Við fengum til liðs við okkur Hrefnu Sigurðar- dóttur sem starfar sem grafískur hönnuður og er frábær.“

Rafbækur henta mörgum þeim sem eiga erfitt með lestur sökum lesblindu, margir eldri borgarar eiga erfitt með að lesa 10,5 punkta letur í bókum. Þessir lesendur geta þannig nýtt sér marga mögu- leika rafbóka, til að mynda til að stækka letur og annað í þeim dúr.

Svo eru sumir sem eiga mjög erfitt með lestur eða finnst lestur leiðinlegur. Hljóðbókin gagnast þeim mjög vel. Þótt lestur Elíasar sjálfs á sögunni sé frábær ákváðum við að fá ungan leikara, Tryggva Gunnarsson, til að lesa bókina. Við sjáum ekki eftir þeirri ákvörðun enda er lesturinn ótrúlega lifandi og skemmtilegur.“

Vögguvísa í skólum landsins

Vögguvísa var meðal annars gefin út með það í huga að hún yrði kennd í skólum landsins en auk sögunnar sjálfrar, slangurorða- safnsins og eftirmálans sem fylgja bókinni voru gefnar út ítarlegar kennsluleiðbeiningar. Skólum er það í sjálfsvald sett hvernig þeir kynna *Vögguvísu* fyrir nem- endum sínum, þ.e. hvernig þeir kenna hana, og einnig hvort þeir kaupi prentaðar bækur, rafbækur eða hljóðbækur.

Þorsteinn veit af nokkrum skólum sem hafa nýtt sér rafbóka- formið og að minnsta kosti einn skóli hefur boðið nemendum að hlusta á bókina. „Okkar hlutverk er fyrst og fremst að bjóða upp á sem flesta möguleika,“ segir Þorsteinn. Kennsluleiðbeining- arnar með bókinni voru upp- haflega verkefni eins Lesstofu- meðlims í kennslufræðum en markmiðið með þeim er að tvinna saman hina nýju Aðal- námskrá og verkefni sem taka mið af ýmsum kenningum kennslufræði. „Samkvæmt nýju námskránni eiga kennarar að vinna með læsi, sjálfbærni, lýðræði og menntun, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun í kennslustundum sínum og vinna helst þvert á allar greinar.“

Verkefni í leiðbeiningunum markast af því að nemandinn býr yfir svarinu en ekki kennarinn. Allar hugmyndir og „lausnir“ eru góðar og mikilvægt er að gefa öllum hugmyndum nemenda gaum og gera ekki upp á milli þeirra – þar sem ekkert eitt svar er réttara en annað.“

Í kennsluleiðbeiningum eru samvinnunám, sköpun og dægur- menning í brennidepli. Þorsteinn segir verkefni oft miða að því að unnið sé í smærri eða stærri hópum og samvinnunám því nýtt í ríkum mæli. „Í samvinnunámi kynnast nemendur og smám saman byggist upp traust á milli þeirra sem er nauðsynlegt svo þeir geti tjáð skoðanir sínar en kennslan fer að stórum hluta fram í samræðum.“ Markmiðið segir Þorsteinn vissulega vera að búa til skemmtileg og krefjandi verkefni og þá skiptir sköpun miklu máli: „Það er mikilvægt að fá nemendur til að skapa og fá þá til að tengja sig við efnið. Dægurmenning er því nýtt til hins ýtrasta, enda er *Vögguvísa* uppfull af dægurmenningu.“

VÖGGUVÍSA



ELÍAS MAR

tileinkuð sögunni, búin voru til ný slangurorð og fleira í þeim dúr. Tungumálið og sköpunarkraftur þess kemur ríkulega fram í *Vögguvísu*.

Tungumálið er sífellt að breytast og hver kynslóð málnotenda hafnar orðum, orðasamböndum o.fl. en tekur í stað þess upp ný. Slangurorðasafn Elíasar er gott dæmi um þetta. Hann skoðaði og skráði tungutak reykvískra ungmenna um miðja síðustu öld og nýtti sér við persónusköpun sögunnar. Lesendum í dag þykja eflaust mörg slangurorðin skrýtin eða asnaleg, meðan önnur hafa lifað í málinu og þykja „viðurkennt“ mál.

Það sem sagan og slangurorðasafnið sýnir nemendum er hversu breytilegt tungumálið er og hvernig ákveðnir hópar málnotenda breyta því eftir sínum þörfum. Það fer allt eftir menningu hvers tíma.“

Í framhaldinu verður lögð áhersla á að samstarfið lifi og haldi áfram. „Við viljum að fleiri árgangar fái að lesa söguna í skólanum en ekki aðeins þeir sem voru við nám haustið 2012. Við höfum verið í sambandi við nokkra skóla um að kenna hana aftur að ári og munum að sjálfsgöðu reyna að aðstoða kennara eftir fremsta megni, til dæmis við að búa til ítarefni og verkefni.“


Samstarf við skólana

Vögguvísa hefur verið vel tekið í skólum en Þorsteinn veit um tólf grunnskóla og þrettán framhaldsskóla þar sem bókin var lesin í haust. Í upphafi haustmisseris hittu meðlimir Lesstofunnar alla fagstjóra skólanna sem ætluðu að vinna með *Vögguvísu*. Þetta var góður fundur að sögn Þorsteins. „Við gátum þannig spjallað við kennara og forvitnast um hvernig þeir sáu fyrir sér með hvaða hætti bókin yrði kennd. Þeim gafst einnig tækifæri til að spyrja út í kennsluleiðbeiningarnar. Við töluðum svo við nokkra kennara eftir misserið og fengum að vita hvernig kennslan gekk. Þeir voru sammála um að bæði nemendur

og kennarar hefðu haft gagn og gaman af.

Það kom margt áhugavert út úr kennslunni. Við vorum mjög ánægð að sjá sköpunina í október. Vonandi heldur hún áfram næsta október, og árið þar á eftir. Einhverjir nemendur bjuggu til heimasíðu sem er

AÐ LESSTOFUNNI STANDA ANNA LEA
FRÍÐRIKSDÓTTIR, SIGRÚN MARGRÉT
GUÐMUNDSDÓTTIR, SVAVAR STEINARR
GUÐMUNDSSON, ÞORSTEINN SURMELI OG
ÞÓRUNN KRISTJÁNSDÓTTIR.
HUGMYNDIN AÐ LESSTOFUNNI KVIKNAÐI
Í ÍSLENSKUNÁMI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS.
FLESTIR Í HÓPNUM ÚTSKRIFUÐUST VORIÐ 2008
EN SÍÐAN ÞÁ HAFU SUM ÞEIRRA HALDIÐ ÁFRAM
NÁMI Í BÓKMENNTUM EN ÖNNUR FARIÐ ÚT Á
ATVINNUMARKAÐINN, TIL AÐ MYNDA KENNSLU.



M á l i ð

með barnabækur

Brynja Baldursdóttir ræðir við

Þórdís Gísladóttir, barnabókahöfund

Þórdís Gísladóttir hefur unnið með bókmenntir, bæði fyrir börn og fullorðna, og íslensku máli úr ýmsum áttum. Hún er íslenskufraeðingur að mennt, auk þess að hafa lokið prófi í tvítýngisfræðum frá Háskólanum í Uppsöllum.

Þórdís hefur meðal annars starfað sem verkefnastjóri hjá Háskóla Íslands, sinnt kennslu og haft umsjón með alþjóðlegu barnabókmenntahátíðinni Mýrinni. Þá var hún í nokkur ár ritstjóri tímaritsins *Barna og menningar*.

Síðustu árin hefur Þórdís einkum starfað við þýðingar og ritstörf og hlotið fyrir það verðlaun og viðurkenningar. Í desember 2012 var hún tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna fyrir þýðingu sína á skáldsögunni *Allt er ást* eftir sænska rithöfundinn Kristian Lundberg. Þá lenti unglingsbókin *Hringurinn* eftir Mats Strandberg og Söru Bergmark Elfgræn í þýðingu Þórdísar í fyrsta sæti í flokki þýddra táníngabóka í samkeppninni Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana.

Nú fyrir jólin 2012 kom út fyrsta barnabók Þórdísar, *Randalín og Mundi*, sem Þórarinn M. Baldursson myndskreytti. Bókin hefur verið tilnefnd til

Fjöruverðlaunanna í flokki barna- og unglingsbóka og hlotið fyrstu verðlaun Bókmenntaverðlauna starfsfólks bókaverslana í flokki íslenskra barnabóka.

Að viðhalda spennunni

Þegar rætt er við Þórdísi um starf þýðandans kemur í ljós að eðli málsins samkvæmt er það ekki bundið við hefðbundinn vinnudag eða fastan tímaramma en hún vinnur þó nokkuð reglulegan vinnudag þegar hún þýðir og er yfirleitt undir tímapressu. Þegar Þórdís tekst á við þýðingar segir hún að oftast flæði textinn nokkuð vel áfram en það komi fyrir að hún festist um stund í þýðingunni þegar finna þarf lausn á einhverju flóknu þýðingarlegu atriði eða taka ákvörðun um einhver atriði og þá gangi starfið stundum hægt fyrir sig.

Einnig getur komið fyrir að þýðandinn glími við flókið tæknimál og þurfi að þýða fræðiorð og verði að leita sér upplýsinga hjá sérfræðingum. Til að viðhalda spennunni við þýðingarnar segist Þórdís stundum geyma sér að lesa sögulokin í spennubókum sem hún þýðir.

Þýðingar eru tímafrekar og Þórdís vildi gjarna hafa aðeins meiri tíma aflögu til að helga sig eigin ritstörfum en undanfarin ár hefur hún þýtt að jafnaði tvær

bækur á ári ásamt því að sinna eigin skrifum. „Mér finnst samt ágætt að blanda því saman að skrifa eigin texta og að þýða. Ég skrifa líka bókablogg á bókabloggið *Druslubækur og doðranta* og fjalla reglulega um bókmenntir fyrir norskt dagblað og auðvitað les ég líka mikið. Kannski er bara málið að mig vantar aðeins fleiri tíma í sólarhringinn.“

Þýðir líka bækur fyrir börn og unglinga

Nýlega lauk Þórdís við að þýða unglingsbókina *Hringinn*, sem Bjartur gefur út, en bókin er fyrsti hluti í fantasíuþrileik og metsölubók í Svíþjóð þar sem hún hefur fengið góða dóma. Þórdís hefur einnig þýtt bækur fyrir yngri krakka og má þar nefna finnsku bókina *Breki og Dreki í leikskóla*, en það er myndabók sem segir skondna sögu þeirra Breka og Dreka sem villast inn á leikskóla þegar þeir ætla í baðhús. Þá kom fyrsta barnabók Þór-

Viðtal: Brynja Baldursdóttir



dísar, *Randalín og Mundi*, út nú í haust. Auk alls þessa ritstýrði hún tímaritinu *Börnum og menningu*, sem IBBY gefur út, í nokkur ár. Þórdís hefur því góða innsýn í bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum.

Að ala upp áhugasama lesendur

Þórdís segir gríðarlega mikilvægt að hlúð sé að yngri lesendum. Kannanir undanfarinna ára hafa sýnt fram á dvínandi lesskilning og lestraráhuga, einkum og sér í lagi meðal drengja, og því einstaklega mikilvægt að í boði sé áhugavert og fjölbreytt lesefni fyrir börn og ungmenni. „Það er hreinlega forsenda lýðræðis að fólk geti tileinkað sér lesinn texta,“ segir Þórdís og leggur með því áherslu á mikilvægi þess að stutt sé við unga lesendur með fjölbreyttu framboði á lesefni við hæfi.

„Ef horft er til íslenskrar málstefnu þá er ljóst að til þess að henni verði fylgt eftir þá þarf að skapa henni rétt umhverfi og aðstæður. Það má meðal annars gera með því að huga vel að umgjörð og rekstri skólabókasafna og jafnvel að tryggja að flestar útgefnar bækur fyrir börn og unglunga rati inn á bókasöfnin í nokkrum eintökum. Skólabókasöfn eru að vissu leyti uppeldisstöðvar innan skólanna og gegna afskaplega mikilvægu hlutverki. Gott aðgengi og fjölbreytt úrval bókmennta skiptir máli fyrir unga lesendur.“

„Í dag lesa börn ekki út af leiðindum“

Það er nauðsynlegt að börn og unglingar geti nálgast bókmenntir sem eru skemmtilegar og áhugaverðar og að úrvalið sé sem allra fjölbreyttast. „Í dag lesa börn ekki út af leiðindum eins og ég gerði,“ segir Þórdís

og vísar til hinna fjölbreyttu möguleika til afþreyingar sem ungmennum stendur til boða í nútímasamfélagi. „Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að þessum lesendahópi sé tryggð nægileg fjölbreytni og framboð, enda ekki hægt að ætlast til þess að unglingar almennt sýni fagurbókmenntum sérstakan áhuga umfram aðra afþreyingu.“

„Börn og unglingar sem þróa með sér virkilegan áhuga á lestri fara oftast af sjálfsdáðum að lesa sífellt þyngri og meira krefjandi bækur en það gera ekki allir og þess vegna gildir að bjóða upp á fjölbreytt úrval þannig að lestur verði raunverulegur valkostur barna sem mörg hætta að lesa eftir að þau vaxa upp úr barnabókunum. Æskilegt væri að bókmenntakennsla í grunn- og framhaldsskólum tæki meira mið af því að sams konar efni hentar ekki öllum og byði upp á meira val þegar kemur að bókmenntum.

Mín reynsla er sú að eldri nemendur séu oft skyldaðir til að lesa flóknar og þungar fagurbókmenntir sem ég held að drepi hugsanlega niður áhugann og fæli þau frá því að lesa. Það hafa ekki allir framhaldsskólanemendur áhuga og forsendur til að lesa Laxness og fornsögu.“

Að koma barna- og unglingabókum á framfæri

Þórdís veltir því einnig fyrir sér hvort bókmenntum fyrir börn og unglunga sé gert nægilega hátt undir höfði. „Þær fá líklega ekki eins rækilega kynningu og bækur ætlaðar fullorðnum lesendum og eru minna auglýstar. Ég veit svo sem ekki hvort það er gott eða slæmt, það er náttúrulega ekki endilega þannig að það sem mest er auglýst sé það besta sem er í boði. Í bókabúðum eru barna- og unglingabókadeildir



Þórdís er ein af 14 svokölluðum Druslubókadömum sem halda úti bókmenntavefnum Druslubókum og doðröntum. Á vefnum birtast umfallanir um bókmenntir, íslenskar sem erlendar, nýjar og gamlar. Í janúar 2012 hlutu Druslubókadömur Hlaðvarpastyrk fyrir verkefnið „Fagurbókmenntir íslenskra kvenna 2012–2014“ en markmiðið er að fjalla um allar fagurbókmenntir eftir íslenskar konur sem koma út á árunum 2012–2014.

Myndina tók Ásta Gísladóttir


stundum afsíðis eða í kjöllurum, kannski er það ekkert verra, en ég velti þessu fyrir mér.

Fjölmiðlar mættu einnig standa sig betur þegar kemur að umfjöllun um barna- og unglingabækur, það má til dæmis benda á að í eina þættinum um bókmenntir í íslensku sjónvarpi er varla minnst á barnabækur. Fréttablaðið hefur sinnt barnabókum ágætlega upp á síðkastið og verið með sérstakan barnabókagagnrýnanda sem skrifar vandaða gagnrýni og mættu fleiri fjölmiðlar taka sér það til fyrirmyndar.“

Íslensk málstefna og ábyrgð stjórnvalda

Ef það er vilji til að styðja við íslenska málstefnu og hvetja börn og unglinga til lestrar þurfa stjórnvöld að leggja metnað í þann stuðning og auka hann enn frekar en nú er. „Það er partur af íslenskri málstefnu að gott aðgengi sé að bókum,“ segir Þórdís. „Málstefna er merkingarlaust plagg ef ekki eru skapaðar forsendur til að fara eftir henni. Skólabókasöfn þurfa til dæmis að hafa nægilegt fjármagn til að kaupa bækur og bjóða höfundum í skólaheimsóknir.“ Til að tryggja að börn og ungmenni lesi sér til gagns og yndis þá er nauðsynlegt að styðja við höfunda, þýðendur, útgefendur, bókasöfn og skóla og það er hluti af ábyrgð stjórnvalda gagnvart íslenskri málstefnu að tryggja þennan stuðning.

„Við búum auðvitað í örlytlu málsamfélagi og hér verður aldrei sama bókaúrval og hjá stórþjóðum en með góðum stuðningi má auka úrval vandaðra frumsaminnna og þýddra bókmennta fyrir yngri kynslóðina og stuðla að meiri lestri barna og ungmenna,“ segir Þórdís að lokum.



Í Randalín og Munda eru bækur lesnar af áfergju, en ekki er farið vel með þær! Randalín og Mundi leggjast á teppi úti í garði. Randalín vill endilega að Mundi lesi sömu bók og hún er byrjuð á og rífur því fyrstu síðurnar úr bókinni og réttir Munda. Hann á ekki orð! Sjálfri finnst Randalín þetta ekki mikið mál: „... Ég les svo bara fjórtán síður í viðbót, þá verður þú búinn með byrjunina og þá rif ég fleiri blaðsíður handa þér. Bækur eru til að lesa, ekki bara horfa á eða geyma í hillum, það segir hann pabbi minn og hann veit sko pottþétt aaaaallt um bækur“ (Randalín og Mundi, bls. 22).

Íslensk málstefna fer einhver eftir henni?

Í mars 2009 samþykkti Alþingi tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu undir yfirskriftinni *Íslenska til alls*. Þar með fengu tillögur nefndarinnar stöðu opinberrar íslenskrar málstefnu.

Í málstefnunni er staða íslenskrar tungu á ýmsum sviðum samfélagsins reifuð, horfur metnar, markmið sett og aðgerðir lagðar til. Sérstakur kafli er helgaður leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum en hér verður kastljósinu beint að leikskólum.

Í *Íslensku til alls* er minnt á að eitt af meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla skuli vera „að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“ og bent á að í *Aðalnámskrá leikskóla* frá 1999 sé kveðið á um að málrækt snúist meðal annars um að „auka orðaforða, ræða við barn í leik og starfi, hvetja barn til að tjá sig: segja frá, ræða við aðra, lesa fyrir barn, segja því sögur og ævintýri og fara með þulur og kvæði“.

Málstefnan er ekki margorð um aðgerðir til að efla stöðu tungumálsins á leikskólastigi. Þar segir þó: „Í leikskóla þurfa börn að fá nauðsynlega málörvun“ og hins vegar: „Menntun leik- og grunnskólakennaranema í barnabókmenntum verði eflað með það að markmiði að auka áhuga barna og unglinga á lestri.“ Þá er leikskólinn talinn með þegar farið er fram á viðmið um fjölda

erlendra starfsmanna í skólum og að notendaviðmót tölva í skólum sé á íslensku.

Árið 2011, tveimur árum eftir að opinbera málstefnan *Íslenska til alls* var samþykkt, tók gildi ný *Aðalnámskrá leikskóla*. Nú ber svo við að málsgreinina, sem opinbera málstefnan vísar í úr *Aðalnámskrá* frá 1999 („auka orðaforða, ræða við barn í leik og starfi ...“), er ekki að finna í *Aðalnámskrá* frá 2011. Þar er ekki lengur fjallað um að sérstaklega þurfi að auka orðaforða barna, hvað þá hvernig það skuli gert.

Þó er eitt af sjö meginmarkmiðum skólans sagt vera að „veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“ án þess að það sé skilgreint nánar í námskránni. Hins vegar er kominn inn kafli um læsi þar sem það er sagt snúast um „samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi“. Áhersla er lögð á að læsi snúist um margt fleira en prentmálið, svo sem stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi sem felist í notkun ljósmynda, tónlistar og tölvutækni. Þegar fjallað er um tjáningu er kastljósinu beint að flestum öðrum þáttum en tungumálinu.

Eina ákvæðið í aðgerðahluta opinberu málstefnunnar sem lýtur beinlínis að leikskólum – „Í leikskóla þurfa börn að fá nauðsynlega málörvun“ – virðist vera afgreidd með einni setningu í upptalningu meginmarkmiða í nýju námskránni. Athygli vekur að í námskránni er forðast að tala



BJARKI KARLSSON

um íslenskt mál eða íslensku, heldur er jafnan talað um að nota „tungumálið“. Hægt er að geta sér þess til að hér hafi velferð barna sem hafa annað móðurmál en íslensku vakað fyrir námskrárhöfundum en hefði þá ekki verið nær að fjalla sérstaklega um hvað beri að gera til ýta undir tileinkun þeirra á íslensku?

Í kafla opinberu málstefnunnar um íslensku sem annað mál segir: „Að hlúð verði sérstaklega að börnum innflytjenda í íslensku skólakerfi og leitast verði við að tryggja að þau fái fullnægjandi málörvun, bæði í móðurmáli sínu og íslensku.“ Þar sem leikskólabörn eru á máltökualdri búa þau enn yfir ómetanlegum

Bjarki Karlsson
doktorsnemi
í íslensku
málfræði og
stundakennari
við Félags-
vísindasvið
Háskóla Íslands

hæfileika til að tileinka sér annað mál ef þau fá að vera virkir þátttakendur á sem flestum sviðum nýja málsamfélagsins.

Í ljósi þessa ósamræmis vakna spurningar eins sú sem er sett fram í titli þessarar greinar. Fer einhver eftir opinberu málstefnunni? Les hana nokkur? Í henni eru sett markmið og lagðar til aðgerðir til að efla stöðu íslenskrar tungu og lögð áhersla á að hún nýtist sem fullkomið samskiptamál þjóðar, meðal annars með því að bæta íslenskumenntun barna og unglunga. Ef þau markmið ná ekki inn í nýjar

skýrt með öðru en því að menn séu ósammála málstefnunni. Um það má nánar lesa í grein Sigurðar Konráðssonar í þessu tölublaði *Skímu*.

Á kvarðanir um tilhögun kennaranáms eru teknar í umboði hins opinbera, rétt eins og

hvort tveggja, annars vegar að grunnskólakennarar skuli hafa að minnsta kosti 60 eininga nám að baki í íslensku en hins vegar að þeir þurfi þess ekki. Í raun þýðir þetta að málstefnan hlýtur að láta undan því að hún er samþykkt á Alþingi sem „opinber stefna í málefnum íslenskrar tungu“ en ekki sem lög. Að henni verður því aðeins gagn að menn leggi sig fram um að fylgja henni, ekki aðeins þeir sem setja lög og semja reglugerðir (eða reglugerðarigildi, eins og aðalnámskrár hafa verið kallaðar), heldur jafnframt allir sem vettlingi geta valdið.

Sem betur fer hafa ýmsir skólastjórnendur metnað til þess að setja fram sérstaka málstefnu fyrir skóla sína þar sem unnið er með skipulegum hætti með móðurmálið og beitingu þess. Þannig fara þeir nær opinberu málstefnunni en *Aðalnámskrá* skyldar þá til.

Í þessari *Skímu* eru tvær greinar sem fjalla um slíkt framtak í leikskólum, annars vegar í Mánagarði, sem Félagsstofnun stúdenta rekur og hins vegar í skólum Hjallastefnunnar. Leikskólastigið hefur ekki mikið verið til umræðu í *Skímu* til þessa og tiltölulega fáir leikskólakennarar eru félagsmenn í Samtökum móðurmálskennara.

Þó er full ástæða til þess að þeir séu virkir þátttakendur í umræðu um móðurmálskennslu enda hefst hún þegar á fyrsta skólastigi og lengi býr að fyrstu gerð.

Sama ráðuneytið hefur staðfest hvort tveggja, annars vegar að grunnskólakennarar skuli hafa að minnsta kosti 60 eininga nám að baki í íslensku en hins vegar að þeir þurfi þess ekki.

námskrár, til hvers er þá af stað farið með opinbera málstefnu?

Það er reyndar spurning sem er stærri en svo að hún takmarkist við leikskólastigið. Svona fast kveður opinbera málstefnan á um úrbætur í kennaramenntun:

„ Að menntun kennara í íslensku verði aukin. Lágmarkskrafan verði sú að grunnskólakennarar hafi að minnsta kosti 60 eininga nám (eins árs nám) að baki í íslensku máli, bókmenntum og kennslu íslensku sem annars máls af 300 einingum í fimm ára námi til kennaraprófs. Inni í þeim einingafjölda eiga ekki að vera námskeið sem snúa að tæknilegum atriðum eins og ritgerðasmíð.“

Enn hafa ekki verið kynnt nein viðbrögð við þessu hjá þeim sem ráða fyrir kennaramenntun í landinu og verður það varla

málstefnan *Íslenska til alls*.

Sama ráðuneytið hefur staðfest



SNJALLMÁL

Staða íslenskunnar í snjalltækjum og öppum

Skólakerfi um víða veröld huga nú að allskyns snjalltækjum og því hvernig megi nýta þau sem verkfæri í skólastarfi. Í grundvallaratriðum er hægt að skipta þessum tækjum í tvo flokka, þ.e. snjallsíma og spjaldtölvur. Svo eru til ýmis afbrigði eða bræðingar þessara tækja, svo sem lesbretti, lestölvur, lófataeki, fartæki o.s.frv. Þetta eru ansi mörg nýyrði og eru lýsandi fyrir það hversu stolt íslenskt samfélag er af tungumáli sínu. Fyrst er reynt að ákveða hvað eigi að kalla tækin og svo er mikið á sig lagt við að nota íslensku heitin þar sem flestar þjóðir hafa látið sér nægja að kalla þau bara móbæl (e. mobile). Kennarastéttin er þarna í fararbroddi, enda fólk sem leggur mikla áherslu á að örva málvitund og ýta undir góða málnotkun.

Orðin spjaldtölva og lesbretti eru að ná ágætri festu í málinu enda hvort tveggja mjög svo lýsandi fyrir þann flokk sem þau ná yfir. Enn er hins vegar ágreiningur um orðið „app“, en „app“ er eins konar smáforrit sem hægt er að hlaða niður í snjallsíma og spjaldtölvur. Við megum þó ekki líta á ágreining sem eitt-hvað neikvætt, að minnsta kosti ekki í þessu samhengi því að ágreiningurinn er ágætt dæmi um það sem nefnt var hér að ofan – hversu stolt við erum af tungumáli okkar. Við þörfnumst slíkra ágreiningsmála til að halda umræðunni um íslenskt mál og þróun þess gangandi. Fátt vekur

nemendur jafn mikið til umhugsunar og umræðna eins og ágreiningsmál á borð við „app“ og „öpp.“ Og hvað með „sýnk“ (e. sync) og „server“? Ýmis fleiri orð mætti tína til en þetta látið nægja í bili.

Þó nokkuð hefur verið rætt hvaða orð við Íslendingar eigum að nota yfir „appið“ en engin niðurstaða hefur fengist. Það er hins vegar ýmislegt fleira sem við þurfum að ræða í tengslum við tungumálið og „öppin“ en aðeins nafnið á fyrirbærinu. Ef við ímyndum okkur að tækin sjálf séu pappír og stýrikerfið sé prentsmiðjan, hvað væru þessi „öpp“ þá? Það eina sem eftir situr er sjálft efnið, ekki satt? Það er einmitt það sem „app“ inniheldur, sjálft innihaldið.

Ef ég er með í höndunum tæki sem framleitt er í Kína og með stýrikerfið stillt á dönsku get ég engu að síður lesið rafbækur á íslensku, skoðað íslenskar vefsíður, skrifað íslensku, svarað tölvupósti á íslensku, tekið upp íslenskt myndefni og upptökur o.s.frv.

Umræðan um íslensku í snjalltækjum snýst gjarna um að stýrikerfi tækjanna sjálfra eru ekki á íslensku. Íslensk málnefnd sendi til dæmis nýlega frá sér álit þar sem lýst er áhyggjum nefndarinnar vegna stöðu íslenskunnar í þessum snjalltækjum. Vonandi veita slík álit smásölum það aðhald sem þeir þurfa til að ýta undir að staða íslenskunnar í þessum tækjum



ÓLAFUR SÓLÍMÁNN

verði styrkt sem allra fyrst. Það má hins vegar ekki verða aðalatriði hvaða tungumál prentarinn talar þegar það er fyrst og fremst innihaldið sem skiptir máli.

Í nýlegri úttekt á íslenska upplýsingatæknigeiranum kemur í ljós að um 80 sprotafyrirtæki eru starfandi á þessum vettvangi. Hvernig stendur þá á því að það er ekki til meira efni á íslensku en raun ber vitni? Það líður varla sá mánuður að það komi ekki fréttir af skapandi fólki sem smíðar hugbúnað á borð við „öpp“ en yfirleitt er sá hugbúnaður á ensku. Í ljósi þess að forrit á íslensku nær kannski til 300 þúsund manns en forrit á ensku til hundraða milljóna er

Ólafur Sólímánn
íslenskufræðingur og
skólafulltrúi
Epli.is

þetta skiljanlegt. Ætti samt ekki að reyna að hvetja þessa aðila til að búa til efni á okkar ástkæra ylhýra?

Á næstu árum á snjalltækjum innan skólakerfisins eftir að fjölga og nauðsynlegt er að hefjast handa, ekki seinna en í dag, við að auka þátt íslenskunnar á þeim efnislega vettvangi.


Mér detta í hug nokkrar lausnir eða leiðir að lausnum. Til dæmis væri hægt að koma á fót styrkjum sem hægt væri að sækja um með því skilyrði að efnið yrði líka fært yfir á íslensku. Hægt væri að veita verðlaun og

viðurkenningar fyrir gott starf á þessum vettvangi, þ.e. vettvangi íslenskunnar innan tölvugeirans. Þá mætti til dæmis bjóða upp á aðstoð við nauðsynlegar þýðingar. Hér gætu háskólanemar spreytt sig á þýðingum, t.d. nemendur í þýðingafræðum, og samtvinnað slíka vinnu skólaverkefnum sínum. Litlir styrkir og góður stuðningur sem myndi fylgja efni af þessu tagi gæti einmitt verið það sem þarf til að lyfta slíkum sprotafyrirtækjum upp á næsta stig.

Á næstu árum á snjalltækjum innan skólakerfisins eftir að fjölga og nauðsynlegt er að hefjast handa, ekki seinna en í dag, við að auka þátt íslenskunnar á þeim efnislega vettvangi. Auðvitað væri gaman að hafa stýrikerfin á íslensku en það er ekki lykilatriði.

Efnissköpun á íslensku fyrir þessi tæki skiptir höfuðmáli, þótt það kallist „app“ eða eitthvað annað.

Gott dæmi um þetta er „app“ sem kom út nýlega og heitir Segulljóð. Til að hefjast handa er kveikt á „útlensku“ spjaldtölvunni, ýtt á tákmynd (sem fyrir neðan stendur Segulljóð) og þar með er notandinn kominn inn í al-íslenskt umhverfi þar sem hann býr til ljóð með því að velja sér efnisorð sem er svo raðað upp í setningar til að mynda ljóðlínur. Íslenskulærdómurinn sem á sér stað er á svo mörgum stigum að það er í raun ekki hægt að lýsa honum nema að upplifa hann. Ég hvet því alla til að kynna sér forritið Segulljóð sem hefði aldrei orðið til nema fyrir tilstuðlan Þróunarsjóðs námsgagna auk gífurlegs framlags sjálfboðavinnu frá hönnuðum þess.



Fer orðaforði minnkandi (hrakandi og þverrandi)?

Grein þessi er endurgerð fyrirlestrar sem fluttur var á málstofunni *Íslenska og lestur* sem Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu stóð fyrir. Málstofan var hluti af Menntakviku, árlegri ráðstefnu sem ætlað er að skapa mennta- og uppeldisstéttum vettvang til að kynnast nýbreytni í rannsókna- og þróunarstarfi sem unnið er í skólum landsins og innan háskólanna.

I

Íslensk málnefnd afhenti menntamálaráðherra tillögur að íslenskri málstefnu á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2008. Var þetta í samræmi við ný lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (nr. 40/2006). Alþingi gerði málstefnuna nánast óbreytta að sinni með þingsályktun 12. mars 2012 undir yfirskriftinni *Íslenska til alls* og skömmu síðar voru *Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknafræðis* samþykkt á Alþingi. Margir, meðal annars þeir sem starfa í Háskóla Íslands, hafa tekið til sín stefnu Alþingis og talið það hlutverk sitt og raunar beina starfskyldu að taka upp úr henni tiltekin atriði og reyna að framfylgja þeim á vettvangi Háskóla Íslands. Íslenskufraeðingar hafa tekið eftir því að í málstefnunni eru mjög ákveðnar tillögur um hvernig staðið skal að íslensku í kennaramenntun með það að markmiði að búa væntanlega kennara undir starf sitt. Þar þjónar gott vald á máli tvíþættum tilgangi þar sem íslenska er hvort tveggja í senn, móðurmál allra

greina og sjálf sérstök kennslugrein.

Skemmst er frá því að segja að málstefna Alþingis hefur aldrei komist til umræðu í Háskóla Íslands og tilraunir til þess að vekja athygli stjórnvalda á málinu hafa ekki borið árangur. Þetta er dapurleg staðreynd vegna þess að grundvöllur nýrra kennsluhátta í kjölfar tækninýjunga er gagnleg þekking á íslensku. Mikil breyting á orðaforða er eitt þeirra atriða sem vakin er athygli á í málstefnu Alþingis. Fullt tilefni er til að gefa gaum að þessum þætti sérstaklega.

II

Málvöndunarmenn hafa oft sent frá sér athugasemdir og ályktanir um íslenska tungu. Skoðum samþykkt um orðaforða á þingi kennara í umdæmi Stefáns Jónssonar, haldið á Vegamótum í Miklaholtshreppi, árið 1954:

„Fundurinn lítur svo á, að minnkandi orðaforði barna sé alvarleg hættu fyrir íslenskt mál og menningu. Hann leggur því áherzlu á það, að hver kennari gæti þess í skólastarfi sínu, að sérhver kennslustund stuðli að málfegrun, fagurri framsögn og auknum orðaforða.“

(Menntamál 1954)

Fullyrt er, fyrir 58 árum næstum því upp á dag, að orðaforði sé „minnkandi“. Þessi fullyrðing er alls ekki sú eina sem fundist hefur. Á öðrum stað er því blákalat haldið fram að orðaforði kaupstaðabarna sem alast upp í þéttbýli sé



SIGURÐUR KONRÁÐSSON

„alt að því þriðjungi minni en orðaforði barna, sem alist upp við fjölbreytni sveitalífsins“. Og með réttu eða röngu er þessi skortur á orðaforða tengdur við „að hlutföllin milli andlegs þroska og víðsýnis sveitabarna og kaupstaðabarna, þeirra, sem mikinn hluta uppeldis síns hafa verið á götunni, sju eitthvað svipuð“

(Guðrún Björnsdóttir 1944:47)

Lesendur geta örugglega dregið fram úr minni sínu tiltölulega nýleg dæmi um það að börn og ungt fólk skilji ekki orð sem það rekst á. Sum þessara dæma vekja svo mikla athygli þeirra sem eldri eru að þeir telja víst að nú sé komið að þáttaskilum: Orðaforði sé að hrynja. En það er einmitt þessi fullyrðing sem nauðsynlegt er að velta fyrir sér. Hvað er orðaforði? Hvað er orðasafn?

Sigurður Konráðsson
prófessor
við Mennta-
vísindasvið
Háskóla
Íslands.

Hugtök þessi eru merkilega lítið til umræðu í handbókum og kennslubókum. Hægt er að nefna handbækur, t.d. *Handbók um málfræði* (Höskuldur Þráinsson 1995) þar sem hvorki orðaforði né orðasafn eru meðal flettna. Engin umfjöllun er heldur í *Handbók um íslensku* sem Jóhannes Bjarni Sigtryggsson ritstýrir og kom út árið 2011. Í *Íslenskri orðabók* (2007) eru þó bæði orðin skýrð.

Í stuttu máli verður í þessari grein fjallað um þau orð sem einstaklingur þekkir og getur notað. Hann getur skilið þau þegar hann les þau eða heyrir, hann getur notað þau þegar hann talar og skrifar.

Orðaforði er lagskiptur í þeim skilningi að sum orð nota málnotendur umhugsunarlaust. Þetta er stærsti hluti hefðbundins orðaforða einstaklinga. Í næsta lagi eru orð sem þarf örstutta stund til þess að grafa upp (þessi orð eru stundum á eftir hikorðum, t.d. „eeee, sko, herna“), og í þriðja lagi eru orð sem málnotandi veit að hann kann en getur ómögulega gripið til þá stundina. Þetta er minnstur hluti orðaforðans.

Hve stór er orðaforði? Þetta er einfaldlega ómögulegt að segja til um í þeim skilningi sem lagður er í hugtakið í þessari grein. Stundum er sagt að sá virki sé nokkur þúsund orð, sá óvirki nokkrir tugir þúsunda. Á þessu er sem sagt ekki mikið að græða. En hvernig er þá hægt að fullyrða að orðaforði fari minnkandi? Hvernig minnkar orðaforði?

Spurningarnar eiga fyllilega rétt á sér því ýmis orð falla úr notkun á hverjum tíma, einkum nafnorð, en einnig lýsingarorð og sagnorð. Orðflokarnir eru opnir. En það gleymist stundum að ný orð bætast við. Þar með er víst að orðaforði breytist. En breytist hann mikið? Lítum á dæmi úr þekktu umræðu þar sem skýrt

kemur fram að merking orða breytist:

Kristinn Björnsson var forstöðumaður sálfræðideildar skóla í Reykjavík. Á námsárum sínum í Ósló upp úr 1950 fór hann á ráðstefnu (sem hann kallaði reyndar mót) og sagði að þessi málefni hefðu verið rædd:

1. Kennsla treggáfaðra barna og fávita.
2. Kennsla málhaltra barna og heyrnarsljórra.
3. Kennsla sjóndapurra og blindra barna.
4. Kennsla barna, sem eiga við taugaveiklun, hegðunarsvandkvæði og tilfinningalífs-truflanir að stríða.

Megintilgangur mótsins var að gefa „sérfróðum barnakennurum kost á að kynnast...“.

(Kristinn Björnsson 1954:147)

Mörg þessara orða eru einfaldlega ónothæf núna í þeirri merkingu sem þau höfðu um miðja síðustu öld. En þau eru til, oft í annarri merkingu, en ný hafa leyst þau af hólmi í faglegru umfjöllun. Stundum virðist breytingin ganga hratt, og stundum stingur gamla, vonlausu orðið upp kollinum að nýju, sbr. orðin „nýbúi“ og „hommi“. Þannig breytist orðaforði sífellt en ekki er víst að hann minnki mikið, sennilega fremur þvert á móti.

III

Algengt er og hefur verið að vís að sé til barna þegar talað er um minnkandi orðaforða eða að orðaforði fari þverrandi. Við sjáum af máltökurannsóknum að börn búa yfir ótrúlegum hæfileikum að læra orð framan af ævinni. Auðvelt er að fylgjast með ungu barni og skrá nákvæmlega hvert orð sem það notar og telja. Barnið er ekkert orðið mjög gamalt þegar flestir fullorðnir gefast upp á reyna að

skrá öll ný orð og svo kemur að því að barnið vill ekki láta fullorðna fylgjast með öllu sem það segir. Á einhverju stigi virðist samt sem sumir fullorðnir hafi komist að þeirri niðurstöðu að barnið kunnir alltof fá orð og miklu færri en var fyrir á tíð. Hvernig er hægt að styðja þessa fullyrðingu eða hrekja hana?

Byrjum á að leita svara í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk frá árinu 2009. Textarnir eru teknir úr lengri textum í leskenningshluta prófsins en séð var til þess að ekki væri sleppt atriðum sem kynnu að hjálpa próftaka við að átta sig á svári við spurningum. Spurningum átti að svara með því að merkja við einn af fjórum kostum. Rétt svar er feitletrað. Á eftir hverjum svarkosti er tilgreindur fjöldi þeirra sem svaraði og síðast er fjöldinn umreiknaður í hundraðshluta.

A

„Flugtökin eru fálmkennd og kóngafiðrildið flýgur næstum því á vegginn.“

(Skúli Björn Gunnarsson, 1996, *Lífssklukkan tifar*)

30. Hvað merkir lýsingarorðið fálmkennd?

kvíðvænleg	503	14,3%
lítillfórleg	726	20,6%
ómarkviss	2020	57,2%
ópægileg	259	7,3%
ógilt svar	12	0,3%
samtals	3529	100,0%

B

„Fas varðstjórans minnir á leikara í látbragðsleik...“

(Svava Jakobsdóttir, 1987, *Gunnlaðar saga*)

52. Hvað þýðir orðið fas?

framkoma	2143	60,7%
líkamsstaða	277	7,8%
skapferli	600	17,0%
útlit	500	14,2%
ógilt svar	11	0,3%
samtals	3529	100,0%

C

„Að Fróðá var eldaskáli mikill og lokrekkja innar af eldaskálanum sem þá var síður.“ (*Eyrbyggja saga*)

59. Hvað er lokrekkja?

baðstofa	225	6,4%
borðstofa	499	14,1%
matargeymsla	1124	31,9%
svefnstaður	1665	47,2%
ógilt svar	15	0,4%
samtals	3529	100,0%

D

Það kveld er líkmenn komu heim, þá er menn sátu við málelda að Fróðá, þá sáu menn á veggþili hússins að komið var tungl hálf. Það máttu allir menn sjá þeir er í húsinu voru. Það gekk öfugt um húsið og andsælis. Það hvarf eigi á brott meðan menn sátu við elda.

Þóroddur spurði Þóri viðlegg hvað þetta mundi boða. Þórir kvað það vera *urðarmána* „mun hér eftir koma manndaður“ segir hann.

Þessi tíðindi bar þar við viku alla að urðarmáni kom inn hvert kveld sem annað. (*Eyrbyggja saga*)

60. Hvað er urðarmáni?

draumur	205	5,8%
fyrirboði	2486	70,4%
stjarna	155	4,4%
tunglmyrkvi	666	18,9%
ógilt svar	11	0,0%
samtals	3529	100,0%

Meðaltalseinkunn fyrir spurningarnar fjórar er 59,9%.

Niðurstaðan er þeim alls ekki í hag sem hugsanlega vilja halda því fram að orðaforði fari minnkandi. Þess ber auðvitað að gæta að lesskilningur kemur vissulega við sögu því ekki er spurt um merkingu orðsins eins og sér. Spurningarnar eru á mörkum hefðbundins lesskilnings og þekkingar á merkingu orða. Mikilvægt er að hafa í huga að hér eru orð úr misjafnlega gömlum textum. Spurningu úr elsta textanum (*Eyrbyggja sögu*) svара flest barnanna rétt (70,4%).

Önnur aðferð til þess að athuga orðaforða eða ef til vill frekar ekki-orðaforða er að fá fólk til skrifa hjá sér orð sem það skilur ekki þegar það kemur að viðkomandi orði í lesnum texta. Gerð var tilraun þar sem 15 ára barn las skáldsöguna *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Fyrirmælin voru að barnið átti að skrifa hjá sér orð sem það skildi ekki eða áttaði sig ekki fullkomlega á, óháð því hvort barnið skildi eða ekki þegar lengra var lesið. Barnið skrifaði samtals 66 orð eða um eitt af hverjum átta hundruð. Viðurkenna má að vísbendingar á borð við þessar hvetja ekki til svart-sýni. Til gamans má geta þess að nálægt fjórðungur dæmanna sem barnið skrifaði hjá sér voru gamlar dönskuslettur. Þarna voru orð eins og skenkur og raust, sviss (í bíl) og prísá (sig sælan).

IV

Málvöndunarmenn hvar sem er í íslensku samfélagi leggja saman gríðarlegt hugvit og vinnu við að auka orðaforðann og breyta þar með málinu. Þeir stinga upp á nýjum orðum, bæði til þess að koma í veg fyrir að erlend orð séu notuð og til þess að orð sem þjóna illa tilgangi sínum hverfi úr notkun.

Eiríkur Rögnvaldsson (1990:57) segir að stöðugleikinn sé ótrúlegur þegar kemur að því að bera saman hlutfall orða eftir hefðbundnum flokkum, en þess má geta að í samanlögðum Íslendingasögum eru tæplega 800 þúsund orð, en orð í hefðbundinni merkingu eru aðeins 12.500, reyndar fyrir utan sérnöfn. Til samanburðar má geta þess að í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991) eru ríflega 519 þúsund orð

eða lesmálsorð en flettiorð eru tæplega 32 þúsund eða rúmlega helmingi fleiri en í Íslendingasögum. Vert er að hafa í huga að

þessar tölur eru ekki saman-

burðarhæfar, þ.e. ekki er

hægt að halda því fram

að orðaforði hafi ríflega

tvöfaldast frá því menn

skrifuðu Íslendingasögur

og þar til á 9. áratug 20.

aldar. Skýringin er að text-

arnir í *Íslenskri orðtíðnibók*

eru mun fjölbreyttari en í


Íslendingasögum.

**V**

Málið gegnir tvíþættu hlutverki og hefur gert það lengi. Það er tiltölulega einfalt boðskiptagagn, bæði sem ritmál og talmál. Í annan stað er málið listform, einnig í talmáli og ritmáli. Sem gagn eða miðill til þess að koma frá sér upplýsingum hefur málið eflst með nýjum tæknimiðlum, þ.e. miklu meira er um að fólk „tali“ saman með því að nota tæki. Þetta er einhvers konar rittalmál og er ef til vill þegar orðin þriðja tegundin. Ljóst er að þetta verður á kostnað hefðbundins talmáls eins og um það var rætt fram undir síðustu aldamót. Er nú svo komið að fullyrðingin „Jói talaði við Siggu í morgun“ er orðin tvíráð. Hitti Jói Siggu og ræddi við hana eða „hittust“ þau á tölvustýrðri spjallrás og skrifuðust á? Málfræðingurinn David Crystal rekur ágætlega í bók sinni *The Language Revolution* (2004) hver munurinn er á þessu tvennu en getur þess að gríðarleg þróun broskalla hjálpar til þess að færa ritað spjall nær töluðu spjalli. En hann segir réttilega að spjall af þessu tagi verður aldrei hið sama og spjall yfir kaffibolla (Crystal 2004:75). Því miður ræðir Crystal (2004) ekki um hvers konar málbreytingar við ættum að fallast á. Ætli það séu ekki breytingar á orðaforða? En

Það skiptir sennilega meira máli í tengslum við orðaforða að búast má við því að hann muni enn breytast verulega. Við þekkjum öll fullyrðingar um að „börn læra orðaforða með því að lesa“. Auðvitað tekur þriðja tegundin tíma frá hefðbundnum bóklestri. Orðaforðinn mun breytast mikið.

Íslenskir málfræðingar verða, þrátt fyrir allt, varla sakaðir um að hafa ekki sinnt rannsóknum á orðaforða. Nægir þar að nefna *Íslenskt mál*, aðal rannsóknartímarit íslenskra málfræðinga. Tvöhundrað fjórutíu og tvisvar sinnum koma upp færslur með orðinu orðaforði í tímaritinu, í þrjátíu og þremur árgöngum.



Oftast kemur orðið fyrir í greinum þar sem fjallað er um sögulega málfræði, síðan umsagnir um bækur og loks fyrirlestrar sem hafa verið fluttir á Rask-ráðstefnum, umfjöllun um orðabækur o.s.frv. Orðið orðasafn kemur svipað oft fyrir og orðaforði. Oftast í merkingunni orðaforði í tilteknu riti.

VI

Margt bendir til þess að kjarna-orðaforði sé nokkurn veginn óbreyttur í íslensku en að nokkur breyting kunni að vera á ýmsum almennum hlutum orðaforðans. Fullyrða má að miklum mun nýrri staða sé uppi hjá hluta málnotenda þegar kemur að hinum listræna hluta tungumálsins, fyrst og fremst bókmenntum. Afþreyingarhluti íslensks máls hefur mjög færst frá hefðbundnum bókmenntum yfir á annars konar iðju.

Hlutverk málræktarfólks er og hefur alltaf verið að minnsta kosti tvíþætt, að varðveita íslenska tungu og efla hana. Það kann að virðast mótsögn í þeirri fullyrðingu að engir hafi stuðlað að jafnmiklum breytingum á málinu og málræktarfolk því mesta breytingin sem orðið hefur á íslensku á síðustu áratugum er á sviði orðaforðans undir merkjum málræktarfólks um allt samfélagið. Málbreytingar á öðrum sviðum eru sennilega fremur litlar. Hið öfluga starf, bæði í iðorðanefndum og almennt í samfélaginu á sviði nýyrða, hefur skilað okkur tugum þúsunda, ef ekki hundruðum þúsunda, nýrra orða. Ef þetta er ekki breyting á

máli þá er afar óljóst hvað við mun átt með hugtakinu málbreyting. Þessi breyting er nauðsynleg og eðlileg og alls ekki bundin við íslensku. En ef til vill má spyrja: Þegar við erum nauðbeygð til þess að bæta við nýjum orðum má þá ekki búast við að einhver orð hverfi eða verði að minnsta kosti óljósrar merkingar í hugum fólks? Minninu kann að vera settar skorður í þessu efni sem ýmsu öðru. Aðstæður hafa breyst og þær munu breytast. Alþingi hefur í fyrsta skipti frá stofnun þess samþykkt lög um íslenska tungu og jafnframt sett sér íslenska málstefnu. Hvort tveggja ætti að auðvelda almenningi og skólafólki að átta sig á hlutverki sínu.

Heimildir

- Crystal, David. 2004. *The Language Revolution*. Poity Press, Cambridge.
- Eiríkur Rögnvaldsson. *Orðstöðulykill Íslendinga sagna*. Skáldskaparmál I:54-61.
- Guðrún Björnsdóttir. 1943. Uppeldismál. Ræða flutt við vígslu sumardvalarheimilis Siglfríðinga, „Sólgarða“ í Fljótum, í júnímánuði 1943. Hlín 27:43-50).
- Handbók um íslensku*. Hagnýtur leiðarvisir um íslenskt mál, málnotkun, stafsetningu og ritun. Ritstj. Jóhannes B. Sigtryggsson. JPV, Reykjavík. 2011.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. Fjórða útgáfa byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum. 2007. Ritstjóri: Mörrður Árnason. Edda, Reykjavík.
- Íslensk orðtíðnibók*. 1991. Jörgen Pind. (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Íslenska til alls*. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Kristinn Björnsson. 1954. Norrænn fundur sérfróðra barnakennara. *Menntamál* 27, 146-148.
- Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011.
- Menntamál*, 27. árg. 1954, 2.-4. tbl., bls. 168-169.
- Yrsa Sigurðardóttir. 2010. *Ég man þig*. Veröld, Reykjavík.

Lestrarhestar í kapphlaupi



Spennandi spurningakeppni um bækur

Er hægt að keppa í bókallestri? Svarið við þessari spurningu er jákvætt. Í Grunnskóla Grindavíkur eru nemendur hvattir til að lesa skemmtilegar og áhugaverðar bækur með því að taka þátt í spurningakeppni í skólanum. Markmiðið

er að auka lestraráhuga og gera lestrarhestum hátt undir höfði – gaman er að upplifa sig sem sigurvegara í lestri!

Bráðsnjöll keppni

Fanney Pétursdóttir, bókasafnsfræðingur Grunnskóla Grindavíkur, sagði hugmyndina að keppninni hafa vaknað á barnabókaráðstefnu í Gerðubergi árið 2009. Þar hlýddi hún á Brynhildi Þórarinsdóttur, dósent við Háskólann á Akureyri, halda erindi sem hún kallaði *Lestrarhestamót(un) – Gæðinga-skeið, slaktaumatölt og fleiri lestrar-íþróttir*.

Í erindi sínu velti hún upp hugmyndinni: Hvað ef hægt væri að keppa í því að lesa bækur? Hún talaði um átak sem sett var í gang í Danmörku í því skyni að auka

bóklestur þar sem meðal annars var haldin spurningakeppni fyrir 7. bekk á landsvísu sem kallaðist „Smart – parat-svar“.

Pegar heim kom langaði Fanneyju að vita meira, fletti hinni dönsku keppni upp á netinu og las sér til um hana. Henni fannst bráðsnjallt að keppa í að lesa bækur, að lestrarhestar fengju loksins viðurkenningu fyrir það sem þeir væru góðir í. Þeirri ágætu hugmynd sló niður í koll hennar að halda svona keppni en með því formi sem við þekkjum svo vel hér á landi úr sjónvarpskeppnum eins og Gettu betur og Útsvari.

Markmið spurningakeppninnar er að auka lestraráhuga; að gera þeim hátt undir höfði sem eru duglegir að lesa – að þeir geti upplifað sig sem sigurvegara eins og í hverri annarri íþrótt – og síðast en ekki síst að hafa það gaman saman.

Frásögn: Brynja Baldursdóttir



Þessi markmið þykja einnig falla vel að markmiðum Aðalnámskrár í upplýsinga- og tæknimennt en þar kveður á um að nemendur á miðstigi eigi að hafa fengið reglulega lánaðar bækur og önnur gögn á skólasafninu sem styðja nám og lesskilning og hafa mótað lestrarvenjur og þekkingarleit til framtíðar. Þeir eiga jafnframt að þekkjа nokkuð til helstu íslenskra og erlendra barnabókahöfunda og verka þeirra (Aðalnámskrá upplýsinga- og tæknimennt 2007).

Markmið spurningakeppninnar er að auka lestraráhuga; að gera þeim hátt undir höfði sem eru duglegir að lesa – að þeir geti upplifað sig sem sigurvegara eins og í hverri annarri íþrótt – og síðast en ekki síst að hafa það gaman saman..

Bretta upp ermar og hafist handa

Í Grunnskólanum í Grindavík brettu menn upp ermar og var fyrsta keppnin svo haldin fyrir 5.–7. bekk vorið 2010 og sú næsta strax um haustið sama ár. Síðan hefur keppnin verið haldin að hausti og þegar þessi orð eru skrifuð er hinni fjórðu að ljúka. Í upphafi voru keppendur í 5.–7. bekk en með breyttu skipulagi innan skólans var ákveðið að nemendur í 4.–6. bekk tækju þátt í henni.

Kennarar hafa haft frjálshar hendur um hvernig þeir setja saman liðin. Sumir hafa haft örlitla forkeppni, aðrir hafa fengið nemendur til að bjóða sig fram og leyft hinum að kjósa milli þeirra. Þrír keppendur eru í hverju liði og einn leikari. Auk þeirra eru varamenn einnig valdir.

Frá upphafi hafa verið fjórir bókaflokkar sem keppt er í. Á meðan keppnin var fyrir 5.–7. bekk kepptust nemendur við að lesa bækur eftir tvo íslenska höfunda og einn erlendan og fjórði flokkurinn

var þjóðsögur. Í fyrstu keppninni voru það Harry Potter-bækur J.K. Rowling og í þeirri næstu lásu börnin Narníu-bókaflokkinn.

Þegar aldursmörkin færðust neðar var ákveðið að einblína á bækur eftir íslenska höfunda og velja bækur sem hæfa aldrinum. Í undanúrslitum og úrslitum bætist við fimmti flokkurinn og hefur sá flokkur verið ögn meira krefjandi. Þar má nefna norræna goðafræði og Íslendingasögurnar í endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur.

Keppnin er að hausti en að vori fá nemendur að vita hvaða bækur á að lesa. Listi yfir bækurnar liggur einnig frammi á almenningsbókasafninu í bænum. Þetta haust eru bækur Kristínar Helgu Gunnarsdóttur *Fíasól á flandri*, *Fíasól er flottust*, *Fíasól í fínum málum* og *Fíasól í hosiló* á listanum ásamt *Garðinum* og *Bessastaðabókum* Gerðar Kristnýjar; *Ballinu á Bessastöðum*, *Prinsessunni á Bessastöðum* og *Forsetanum, prinsessunni og höllinni sem svaf* og bókum Sigrúnar Eldjárns; *Forngripasafninu* og *Náttúrugripasafninu*. Einnig fá nokkrar valdar þjóðsögur að vera með.



FANNEY PÉTURSDÓTTIR,
BÓKASAFNSFRÆÐINGUR
GRUNNSKÓLA GRINDAVÍKUR

Í undanúrslitum og úrslitum bætast svo við bækur Friðriks Erlingssonar um *Benjamín dúfu* og Þór, *Þór – í heljargreipum* og Þór: *Leyndarmál guðanna*.

Fjórskipt keppni

Spurningakeppnin skiptist í fjóra hluta. Fyrst eru hraðaspurningar sem koma úr ýmsum áttum og skiptir þá máli að hafa verið duglegur að lesa um langt skeið því að ekki er hægt að undirbúa sig sérstaklega fyrir þennan þátt. Þar er spurt jafnt um klassískar barnabækur og persónur, barnávísur og kvæði, barnaleikrit og teiknimyndahetjur.

Svo koma vísbendingaspurningar sem reyna á almenna þekkingu barnanna í heimi þeirra skáldverka sem lesin hafa verið – þar er spurt um höfunda, bókatitla og fleira.

Þar á eftir eru ágiskunarspurningar en þá velur liðið einn leikara og snýst þessi liður um að leika orð sem geta verið nafnorð, sagnorð eða lýsingarorð og á liðið að reyna að ná sem flestum réttum orðum á einni mínútu.

Þá koma valflokkarnir sem eru fjórir. Það eru þrjár spurningar úr hverjum flokki sem gefa 1–3 stig. Flokkaspurningarnar eru úr efni bókanna en einnig er mögulegt að spyrja um merkingu orða eða orðasambanda sem koma fyrir í bókunum.

Kennarar á miðstigi taka þátt í undirbúningi keppninnar og vali bóka og ásamt Fanneyju sjá þeir um að semja spurningar. Annað starfsfólk aðstoðar einnig við framkvæmd keppninnar – stigavörslu eða annað sem fellur til. Hver keppni tekur um það bil eina kennslustund.

Allir mega vera með

Fanney segist hafa fengið fyrirspurnir um hvað hún geri í sambandi við þá sem eru slakir

lesarar. Svarið er einfalt, hún gerir ekkert. Það er öllum velkomið í að taka þátt í keppninni en eins og í íþróttum senda menn besta íþróttafólkið og má þar nefna sem dæmi Skólahreysti, íþróttakeppni meðal grunnskóla alls landsins. Í lestrarkeppninni eru það þeir sem lesa mest sem keppa.

Mikið líf og fjör er í kringum keppnina

Hún segist hafa orðið vör við það að keppnin hafi áhrif. Þeir kappsömustu reyna að komast í keppnina þó að þeir séu ekki endilega mestu lestrarhestarnir. Þeir sem eru góðir í lestri fá sína upphefð. Hver bekkur fylkir sér á bak við sitt lið og eru virkir stuðningsmenn. Í einum hluta keppninnar er einnig gefinn sá kostur að spyrja bekkinn.


Hver bekkur hefur sitt einkenni í keppninni – ákveðinn lit – og klæðist fötum í þeim lit á keppnisdegi, útbýr spjöld, hatta, fána og þess háttar – þetta er nefnilega alvöru! Sigurliðið fær blóm og bókaverðlaun og bekkurinn fær farandgrip – platta sem grafið er á ártal og nafn bekkjarins.

Nú, undir lok ársins 2012, er komið að úrslitum og verða það 6. JR og 4. K sem keppa til úrslita föstudaginn 14. desember eftir að hafa farið í gegnum æsispennandi undanúrslit þar sem 6. JR sigraði 5. P á lokaspurningunni og 4. K sigraði 6. K, sigurliðið frá því í fyrra, eftir bráðabana. Mikið líf og fjör er í kringum keppnina og má sjá af þátttöku að hún hefur fest sig í sessi í skólanum. Hróður keppninnar hefur borist víða og nú hafa sex skólar í Kópavogi ákveðið að setja slíka lestrarhestakeppni á dagskrá hjá sér á næstunni.

Öll lestrarhvatning er virðingarverð og Grunnskóli Grindavíkur á heiður skilinn fyrir framtakið.

Jólaljóð

Ljóðskáld *Skímu* að þessu sinni er Þórður Helgason, rithöfundur og dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þórður hefur sent frá sér bæði skáldsögur og ljóð en ljóðin sem hér birtast er að finna í óbirtri ljóðabók hans, *Jóla ljóð*, sem hann hefur fært vinun og ættingjum að gjöf. Jólin eru að vísu liðin, sem og árið í aldanna skaut, en ljóðin standa fyrir sínu.



Helgimynd

Barnið krýpur yfir kassa
þar sem bangsinn liggur með geislabaug
og kisa veit ekki fyrir til
en hún er orðin asni
og kettlingurinn lamb
Pabbi og mamma fá að vera vitringar
Amma stendur yfir með gula stjörnu

Prestur

Barnið starir hatursaugum
á prestinn í stólnum
sem fullyrðir að gjafirnar
skipti ekki máli
miðað við barnið sem fæddist.

Jólaskap

Unglingurinn gefur sjött í allt
og neitar að fara í jólaskap
Verður þó tíðrætt um Djíshús
og Kræst
og Djíshús Kræst
þegar jólafötin finnast

Sería

Jólaserían steindauð
eins og venjulega
og pabbi orðinn þúsund volta.

Steik

Rúldolf!
veinar barnið
og hleypur frá borðum
Hreindýrasteikin kólnar.

Að beita bókum fyrir börn og unglinga



Í gegnum kennaranám og síðar meistaranám í kennslufræðum beindist áhugi okkar Bókabeitukvenna fljótlega að því að skrifa og gefa út bækur fyrir börn og unglinga. Satt best að segja er það staðföst trú okkar beggja að lestur bóka sé lausnin á flestum vandamálum nemenda.

Mörgum þykir þetta eflaust einfölduð sýn á nám en hún breytir ekki þeirri staðreynd að mýmargar rannsóknir styðja þá skoðun að lestrarfærni sé undirstaða alls náms.

Lítið til af bókum fyrir stálpuð börn og unglinga

Í grunnnáminu skrifuðum við saman ritgerðina *Bókabeituna*, en frá henni var sagt í *Skímu* 2011. Þar er meðal annars lögð fram aðferð til að kynna bækur fyrir nemendum. Í meistaranáminu stýrði þessi áhugi á bókalestri barna og unglinga valinu á sérhæfingu og eftir liggja tvær ritgerðir um bókmenntakennslu; annars vegar um kennslu barnabóka á miðstigi og hins vegar um kennslu unglingabóka á unglingastigi grunnskóla.

Vinnan við þær ritgerðir leiddi í ljós að almennt var lítið um að kennarar notuðu þessar barna- og unglingabækur í kennslu og einnig það að úrval bóka fyrir stálpuð börn og unglinga var heldur takmarkað.

Á sama tíma birtust niðurstöður rannsókna þar sem fram kom að 23% fimmtán ára drengja og 9% kvenkyns jafnaldra þeirra gætu ekki lesið sér til gagns. Að þessir krakkar skildu hreinlega ekki það

sem þeir lásu nógu vel til þess að geta unnið upplýsingar úr textanum. Það má vel leiða líkur að því að stór ástæða þessa sé slök lestrarfærni. Að þessir nemendur lesi það sjaldan og svo lítið að þeir séu á mörkunum að geta kallast læsir – þó svo að þeir kunni að raða saman hljóðum og mynda úr þeim orð.

Allt þetta kom saman í einn pott. Hugðarefni okkar beggja, sláandi niðurstöður rannsókna, námslok og áður en við vissum af vorum við farnar að gera eitthvað í málinu – að því er okkur fannst.

Rökkurhæðir verða til


Einhvern veginn urðu svo *Rökkurhæðir* til úr þessari samsuðu. Markmiðið var alltaf að auka bókalestur barna og unglinga. Og hvað þarf til að krakkar taki upp bók og nenni að verja með henni nokkrum klukkutímum?

Að okkar mati skipti höfuðmáli að söguþráður bókarinnar væri spennandi og hraður, næði að fanga athyglina.

Markmiðið var í sjálfu sér ekki að skrifa djúpar sögur sem áttu að betra lesandann, þótt auðvitað væri ekki verra að skrifa innihaldsríkar og djúpar sögur. Í annan stað er það tungumálið – safarík og vönduð íslenska (jú, við verðum víst að viðurkenna að þar er gerð tilraun til að betra lesandann).

Í þriðja lagi er ytra útlit textans – letrið – aðgengilegt og línubil þannig að loftaði vel um textann. Kaflaskipting og stuttir kaflar, allt gert til þess að þegar tilvonandi lesandi opnar bókina sé ekkert þar sem fæli frá.

Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir kynntust í kennaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og þegar námi lauk stofnuðu þær bókaforlagið Bókabeituna. Þær hafa gefið út fjórar bækur í bókaflokknum Rökkurhæðum, sem þær sjálfar eru höfundar að, auk bóka eftir aðra höfunda, innlenda og erlenda. Marta og Birgitta lögðu upp með það markmið að auka bókalestur barna og unglinga. Nú, rétt rúmlega ári eftir að Bókabeitan var stofnuð, líta þær um öxl, velta fyrir sér hvernig gengið hefur og fjalla um forsendurnar sem þær lögðu upp með í Rökkurhæðabókunum.



MARTA HLÍN MAGNADÓTTIR OG BIRGITTA ELÍN HASSELL

Af viðbrögðunum sem við höfum fengið má ætla að okkur hafi tekist ágætlega upp.

Gleði og stolt – bæði lesenda og höfunda

Það er ólýsanleg tilfinning að fá bréf frá ánægðri ömmu sem segir glöð frá barnabarni á fimmtánda ári með slæma lesblindu sem spænis gegnum *Rökkurhæðir* og biður um meira. Að heyra af lesanda á fjórtánda ári sem „finnst glatað að lesa“ sem tilkynnti svo stoltur að hann hafi klárað „heila bók“ á tveimur dögum!

Athugasemdir hafa borist frá bókasafnsvörðum sem tala um að bækurnar stoppi ekki við á söfnum þeirra, slíkar séu vinsældirnar hjá börnum og unglingum. Eða sagan af ellefu ára stráknum sem á eldri bræður og foreldra sem allir eru sílesandi. Sjálfur datt hann niður í eina og eina bók en las helst *Syrpur*. Eftir að hafa lesið fyrstu tvær *Rökkurhæðabækurnar* nokkrum

sinnum beið hann spenntur eftir þeirri þriðju.

Þegar hann hafði lesið hana (þrisvar) í vor, notaði hann sumarið til að lesa í gegnum allar Harry Potter og Eragon bækurnar. Svo virðist sem *Rökkurhæðabækurnar* hafi fært honum það sjálfstraust sem upp á vantaði til að takast á við stóru og þykku bækurnar sem hann hafði ekki treyst sér í áður.

Eins má geta þess hversu ómetanlegt það er fyrir okkur að heyra frá kennara í grunnáfganga í framhaldsskóla lýsa því að í fyrsta skipti hafi hann upplifað algjört hljóð í annars órólegum bekk þegar

nemendur sátu hver með nefið ofan í sinni *Rökkurhæðabókinni*. Nemendur sem glíma við ýmis lestrar- og námstengd vandamál en klára bók og biðja um meira.

Það er trú okkar að með því að bjóða upp á auðlesnar bækur, sem krakkarnir sækja í og vilja lesa, séum við að víkka út og stækka hóp lesandi barna. Með því að lesa í gegnum heilar skáldsögur, þó að stuttar séu, efli þeir lestraröryggi sitt og hætti sér frekar yfir í „þyngri og stærri“ lesningu. Um leið öðlist þeir betri færni til að lesa sig í gegnum og öðlast skilning á öðru námsefni.

Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elín Hassell, rithöfundar og eigendur bóka-útgáfunnar Bókabeitunnar



Geta þau ekki bara lesi

Um hlutverk unglingsbókarinnar á vegferðinni til læsis

Við stærum okkur oft af því, Íslendingar, að hér sé læsi nánast algild staðreynd, að allir sem hafi til þess nauðsynlegar forsendur læri að lesa. Þannig hafi þetta reyndar verið lengi. Það er rétt að lestrarkunnátta var hér almenn fyrr en víðast hvar annars staðar. Lúterskan leit á það sem sálhjálpatriði að manneskjan gæti nálgast ritninguna án milliliða ... og hér tókst óvenju vel að berja börn til bókar.

Og það var fleira lesið en heilagt orð, prentun á textum á íslensku var örugglega ein aðalástæðan fyrir því að málið varðveittist eins vel og það gerði og að það hélst nokkuð heilsteyppt og laust við meiri háttar mállýskaufbrigði. Vegna þessa, meðal annars, höfum við talað um okkur sem bókaþjóðina og gumað af.

Svo koma nýir og breyttir tímar og allt í einu er fimmti hver fimmtán ára unglingsstrákur ófær um að lesa sér til gagns og gleði. Sjálfsímyndin fær óneitanlega dálítið öflugt spark í rassinn. En þá er kannski ráðið að kenna bannsettum tölvunum um þetta allt saman? Strákpjakkarnir hanga allt of mikið í tölvunni. Því allir lærðu þeir að lesa, ekki satt?

Enginn Frónbúi kemst hjá því að sitja undir ákveðnu magni af lestrarkennslu og flestir stauta sig svo í gegnum hrífandi frásagnir af Ásu og Óla sem masa í síma í óða önn milli þess sem þau róla og braska með lása, ólar og ása. Kennsluáðferðirnar eru mismunandi, einkum nú í seinni tíð – en um áratugi var hljóðaaðferðin með kostum sínum og göllum nánast alls ráðandi og lestrarnámið tók drjúgan tíma af fyrstu skólaárunum.

Svo kom að því að flestir í bekknum voru komnir yfir eitthvert ákveðið mark – höfðu náð að ryðja úr

sér tilskildu magni rétt lesinna atkvæða á mínútu, eða börnin voru einfaldlega orðin nógu gömul til að þau ættu að vera búin að ná þessu – og þá var lestrarnáminu hætt. Jafnt foreldrar, kennarar og nemendur sjálfir drógu andann léttar. Þau voru orðin læs. Eða hvað?

Hvað er að vera læs?

Hvað er að vera læs? Nægir að geta „lesið uppá sex“ samkvæmt stöðluðum hraðaprófum sem eiga fáa, ef nokkra, sína líka í öðrum löndum? Er nóg að geta afkóðað stafatáknin nægilega hratt og örugglega og að yfirfæra þau í fumlausan framburð á orðum? Nei, reyndar ekki.

Í fyrsta lagi er hægt að standa sig nokkuð vel á hefðbundnu raddlestrarprófi án þess að hafa

hugmynd um hvað maður var að lesa. Þetta er einfalt að skilja ef við tökum dæmi af okkur sjálfum: Við getum lesið upp texta á erlendu máli ef við vitum nokkurn veginn hvernig stafatáknin eru fram borin. Það þýðir ekki að við séum læs á viðkomandi tungumál. Til þess þurfum við að skilja það.

Og hversu vel skilja börnin eiginlega íslenskt ritmál? Vitum við það? Í öðru lagi eru nútíma skilgreiningar á læsi mun víðari en svo að þær nái aðeins til

lestrartækni. Þær ná til afkóðunar fleiri táknkerfa en bókstafstákna, enda er nú litið á fleira en bókstafi sem hluta af texta bókar. Myndlestur er t.d. hluti læsis.

Í skilgreiningunum er auðvitað litið á það sem hluta læsis að skilja textann, en einnig að hafa burði til að skilgreina hann og skoða með gagnrýnu hugarfari. Og síðast en ekki síst – skilgreiningarnar ná ekki aðeins til þess sem við tökum inn, heldur líka til þess að notfæra sér textann og bregðast við honum, til dæmis í rituðu máli.

Vá! Þetta er aðeins meira en að lesa uppá sex. Og þetta eru atriði sem krefjast þroska sem ekki er til staðar í miklum mæli hjá sex eða sjö ára barni. Ef við skilgreinum læsi á nútímalegan máta er auðséð að lestrarkennslunni lýkur ekki þegar grunntækninni er náð. Þá er hún rétt að byrja.

Hinn 24. október 2012

flutti Ragnheiður
Gestsdóttir fyrirlestur
á bókakaffi IBBY,
„*Aðþrengdar
unglingabækur*“.

Greinin sem hér birtist er
byggð á þeim fyrirlestri.

Ragnheiður
Gestsdóttir
rithöfundur

Ö almenninglegar bækur?

Á þeim tímapunkti sem lestrarkennslunni lýkur og barnið á að geta lesið sæmilega eðlilegt mál hefur bókmenntakennslan tekið við í skólanum. Þá er gengið út frá því að barnið hafi öðlast þroska til að skilja og meta úrval úr fróðlegum og skemmtilegum bókum og að tími sé kominn til að kynna það fyrir perlum íslenskra bókmennta – svona smátt og smátt og miðað við aldur og þroska.

Börnin fá oftast í hendur safnrít og lesa í þeim sögur og ljóð – síðan er reynt að kanna með spurningum og prófum hvað situr eftir. Spurningarnar miða oft að því að athuga hvort barnið hafi hreinlega lesið textann, hvort það hafi skilið „erfiðu“ orðin – og svo á það auðvitað að kunna skil á hvað höfundar hétu (eða heita ef þeir eru enn á lífi) og kannski meira að segja að muna fæðingarár og -stað.

Textinn er sem sagt meðhöndlaður á sama hátt og um landafræði, sögu eða náttúrufræði væri að ræða, það er spurt út úr „staðreyndum“, jafnvel innan ramma skáldsögu eða kvæðis! (T.d.: Hvað voru kýrnar margar á bænum? Hvað sagði strákurinn við ömmu sína?) Hér er ég auðvitað að vísa í þá kennsluhætti sem hafa tíðkast. Það eru til kennarar sem haga kennslunni öðru vísi en ég hygg að þetta sé mynstur sem margir þekkja.

Ég ætla að gerast svo djörf að segja að fyrir marga nemendur sé kennsla í þessu formi ekki lykill að heimi bóka og bókmennta, heldur öllu heldur bólusetning gegn lestri. Og ég ætla líka að halda því fram að lestur á bókum sem eru of strembnar, jafnvel illskiljanlegar lesendunum, geti haft sömu afleiðingar – sama hversu stórfengleg bókmenntaverk er um að ræða.

Að skoða og miðla bókmenntum öðruvísi en algengt hefur verið

Ekki dettur mér annað í hug en að það sé sjálfsgæður og nauðsynlegur hluti almennrar menntunar að kunna einhver skil á bókmenntaperlum fortíðar. Ég hef sjálf eytt drjúgum hluta af minni starfsævi í að reyna að halda slíkum gersemum til haga fyrir nýjar kynslóðir.

En skólinn verður að mínum dómi að notfæra sér bókmenntir, skoða þær og miðla þeim á annan hátt en algengt hefur verið. Nokkrir punktar sem mér finnst mikilvægt að velta fyrir sér í þessu sambandi eru:



RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR

1. Það er nauðsynlegt að skoða og skilgreina „kanón“ íslenskra bókmennta reglulega með tilliti til barna og unglunga. Hvað eiga þau að þekkja af eldri bókmenntum og hvers vegna? Og þá þarf að byrja á byrjuninni; íslenskar bókmenntir eru ekki bara Íslendingasögur, Einar Ben og Laxness, heldur líka Búkolla og Gípusaga. Hvaða íslenskar barna- og unglungasögur síðari ára eru þess verðar að sem flestir lesi þær?

2. Þær bókmenntir sem við teljum sígildar þarf sífellt að setja fram að nýju við hæfi hvernar kynslóðar. Myndir eru t.d. ekki punt og skraut í því sambandi. Börn og unglingar sjá öðru vísi en fyrri kynslóðir, þau bera miklu meira skynbragð á myndræna framsetningu og hún er nauðsynlegur hluti af upplifuninni. Samt sem áður þarf að kenna þeim myndlæsi, að skoða myndir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt – en til að svo megi verða þarf fyrst að mennta kennara á því sviði. Hvar er kennaranámið statt hvað þetta varðar? Hver er staða myndefnis í námsefni og í bókum á almennum markaði?

3. Það þarf sífellt að skoða orðaforða barna og unglunga og endurskrifa eða skýra texta þegar nauðsyn ber til. Sem betur fer erum við farin að þora að endurskrifa Íslendingasögur fyrir börn, en það þarf að ganga lengra.

Ég er ekki að tala um að fletja textana út og gera þá fátæklega; það má umorða og bæta inn skýringum, gera ljósara svo samhengi skiljist, nota myndir. Við verðum að viðurkenna að orðaforði hefur breyst gífurlega mikið og þurfum að finna leiðir til að auka hann.

Er hann kannski ekki einsdæmi, drengurinn sem spurði forviða eftir lestur á kafla úr *Sölku Völku*: Af hverju er verið að láta okkur lesa sænsku? Eru kannski fleiri en ég sem hafa rekið sig á að skynugustu börn og unglingar koma af fjöllum þegar notuð eru orð og orðtök sem voru algeng í máli fyrir fáeinum áratugum?

4. Saga er meira en stafatákn á blaði. Stundum er sú saga sem liggur á milli línanna, ósagða sagan, ennþá mikilvægari en orðanna hljóðan. En til þess að geta skilið þá sögu, til að geta lært að lesa milli línanna, þarf skilning sem einungis verður til smátt og smátt. Ef stökkin verða of stór er hætt við að þetta næmi þróist ekki, ef þau eru of smá fer lesara að leiðast. Það þarf sem sagt að byggja upp læsi, skref fyrir skref, með tilliti til miklu fleiri þátta en erfiðra orða eða forn-fálgs málfars.

5. Kennaranemar geta – að því ég best veit – enn lokið námi án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um barnabókmenntir, gamlar og nýjar, eða hvernig þeir geta notfært sér þær. Þessu verður að breyta!

Allir kennarar eru íslenskukennarar, allir kennarar geta nýtt sér gullnámu skemmtilegra bóka í kennslu. En þeir verða að vita af þeim. Stóraukið vægi íslensku og barnabókmennta í kennaranámi er að mínum dómi mjög brýnt og nauðsynlegt. Endurmenntun fyrir starfandi kennara á þessu sviði þarf líka að vera öflug.

6. Barna- og unglingabækur, gamlar og nýjar, þarf að meta sem fullgildar bókmenntir, bæði í skólum og almennt í samfélaginu. Þetta ætti að vera augljóst og sjálfsagt, en dæmin sýna annað – áður nefnd staða í kennaranámi og skortur á umræðu í fjölmiðlum talar sínu máli.

7. Fyrst og síðast þarf að gefa bóklestri miklu meira rými í skólunum. Við þurfum tíma fyrir yndislestur á hverjum degi, upplestur á hverjum degi – og ekki bara hjá yngstu nemendum, heldur öllum, líka – og ekki síst – unglingunum. Þetta þarf að vera lestur án kvaða, án prófa, án staðreyndaspurninga. Ávinningurinn er margfaldlega tímans virði; aukinn orðaforði, sterkari máltilfinning, betri einbeiting, hraðari og liprari lestur – og þetta er fyrir utan allt það sem góðar sögur geta kennt lesendum sínum um mannlega tilveru og samskipti.

Þegar lesið er upphátt njóta nemendur þess á jafnréttisgrundvelli. Þau börn sem eru hæglæs fá að upplifa að bók getur verið spennandi, það sé jafnvel erfiðisins virði að lesa. Við lestur skemmtilegrar bókar verða orð og orðtök líka skýr og ljóslifandi, en ef óvenjulegt orðfæri er kynnt um leið og verið er að miðla staðreyndum í námsbók verður það tyrfið og erfitt. Börn sem lesa mikið hafa forskot í öllu námi – þess vegna ætti auðvitað að gera allt sem hægt er til að öll börn lesi sem mest!

Tilvistaréttur unglingsbókarinnar

Þá kem ég (loksins) að spurningunni um tilvistarétt unglingsbókarinnar. Hvað er eiginlega unglingsbók og til hvers er hún? Er hún nauðsynleg í þessu ferli, að gera barnið – unglingsinn – að læsum, virkum og helst gráðugum lesanda? Getu krakkarnir ekki bara farið að lesa Laxness og Íslendingasögurnar þegar þau eru komin á fermingaraldir, svona eins og í gamla daga? Eða gerðu þau það kannski ekki öll?

Unglingsbók er saga sem skrifuð er með ákveðinn lesendahóp í huga. Þar fyrir utan getur hún verið hvað sem er. En hún hefur einhverja tengingu við heim fólks sem er á ákveðnum aldri, bæði hvað varðar efnivið og líka að einhverju leyti efnistöð. Höfundur unglingsbókar hefur í huga að viðtakandinn er fremur óreyndur lesandi. Það þýðir ekki að það megi ekki ögra honum, til dæmis með óvenjulegri framsetningu, en það eru samt einhver mörk til staðar. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leyfa sér af óvenjulegri orðgnótt eða flóknum stílbrigðum.

Það er líka spurning hvort rétt er t.d. að senda frá sér unglingsbók sem er á mörkum þess að vera klám, eða sögu sem er algjört vonleysissvartnætti – og þetta eru spurningar sem höfundar full-orðinsbóka þurfa ekki að spyrja sig að. En það er engin spurning að unglingsbók getur verið fullgilt bókmenntaverk. Og í mínum huga er engin

spurning að fyrir langflestu lesendur er unglingabókin einmitt nauðsynleg forsenda þess að þeir verði læsir - sem sagt, virkir, gagnrýnir lesendur sem finna að bóklestur getur tengst lífi þeirra og veruleika, lesendur sem hafa lært að njóta bóka, hlæja og gráta yfir bókum, lært að lesa á milli línanna.

Mér finnst það heldur ekki vera nein spurning að skólarnir þurfa að gefa unglingabókinni miklu meira rými. Nú segja eflaust sumir kennarar: Hvernær eigum við að gera það? Við þurfum að kenna málfræði, stafsetningu, meira að segja bragfræði! Svar mitt er einfalt: Það þýðir lítið að reyna að miðla fróðleik um tungumál sem nemendur skilja ekki almennilega og sem þeim er svo að segja sama um.

Börnin þurfa fyrst og fremst að finna að málið er tæki til tjáningar, upplifunar, fróðleiks og skemmtunar. Þeim þarf að þykja vænt um það, þau þurfa að finna að það skiptir máli. Í þeirri baráttu eru skemmtilegar bækur okkar besta vopn. Svo er hægt að skýra, skoða og skilgreina. Miðla því að við

reynum að tala rétt og rita rétt til að mál okkar skiljist - af því að okkur er ekki sama.

Við getum ekki alfarið látið heimilunum eftir

Börn sem lesa mikið hafa forskot í öllu námi – þess vegna ætti auðvitað að gera allt sem hægt er til að öll börn lesi sem mest!

að hjálpa börnunum upp á þann stökkpall sem unglingabókin er. Það er þrátt fyrir allt fyrst og fremst á ábyrgð skólans að gera nemendur læsa. En samfélagið allt þarf auðvitað að taka þátt í því ferli með því að veita því eftirtekt sem vel er gert á þessum vettvangi - og meta það að verðleikum.

Unglingabækur geta nefnilega alveg verið almennilegar bækur.

Getraun: hvert er ljóðið?



Læsi á leikskólanum Mánagarði

Á leikskólanum Mánagarði er unnið eftir bandarísku uppeldisstefnunni HighScope og er Mánagarður eini skólinn á Íslandi sem starfar eftir þeirri hugmyndafræði. Meginþættir stefnunnar eru virkt nám, sjálfstæði, frumkvæði og er það innri áhugi barnanna sem ræður ferðinni.

Lestur er undirstaða alls náms

Börn á Mánagarði eru frá unga aldri í umhverfi þar sem lögð er áhersla á lestur og ritmál, þrátt fyrir að þau séu ólæs. Þegar lesnar eru bækur fyrir börn lesa þau úr myndunum, þau heyra orðin í réttri orðaröð, byrja að átta sig á hvað liggur að baki orðinu saga og heyra ólík hljóð stafanna. Í hversdagslífinu sjá börn alls konar tákni; tákni fyrir morgunkorn, kexpakka, leikföng, umferðarskilti. Þau læra að þekkja myndir og tákni sem standa fyrir vörumerki og þau velja sér hluti út frá táknum.

Börn lesa sína eigin skrift, lesa myndir af skjánum á tölvunni fyrir leiki, nota stafi á lyklaborðinu og

svona mætti lengi telja. Þetta eru allt aðferðir sem börn nota til að öðlast skilning á hinu ritaða orði.

Lestur er undirstaða alls náms og leikur aðalhlutverk í námi barna og því er ákaflega mikilvægt að leggja grunninn strax í leikskóla. Það er ekki vænlegt að neyða börn til að lesa og því áriðandi að finna leiðir í gegnum leik og starf til að ýta undir og styðja við áhuga barnanna á stöfunum og ýta undir þroska þeirra.

Þegar börn byrja á Mánagarði velja þau sér tákni sem hefur sama upphafsstaf og sama upphafshljóð og nafnið þeirra. Þetta tákni, ásamt nafni barnsins, fylgir barninu og er merking þess á fatahólfi og bakka fyrir teikningar auk þess sem það hangir á veggnum á deildinni svo barnið getur alltaf séð það og smám saman fer táknið að víkja fyrir nafni barnsins því það gerir sér grein fyrir að þessi röð af stöfum myndar nafnið.

Þá nota eldri börnin nafnspjaldid til að herma eftir og skrifa nafnið sitt. Börn hafa áhuga á öllu sem viðkemur þeim persónulega og því eru þessi nafnspjöld einnig notuð í samverustundum og hópa-starfi.

Lesið í aðstæður

Í HighScope-umhverfi er mikið lagt upp úr því að gera allt sýnilegt fyrir börnin og á þann hátt sem þau skilja. Dagskipulagið hangir uppi á vegg á öllum deildum og hver þáttur í dagskipulaginu á sitt tákni. Allir dagarnir eru eins og þannig læra börnin að lesa í aðstæður og gera

sér grein fyrir hvað gerist hvenær, hvað er á undan og hvað er á eftir.

Skilaboðaskjóðan er stór hluti af því að ýta undir áhuga á lestri. Í gegnum skilaboðin, sem eru ýmist teikningar, tákni, orð, stafir eða tölustafir „lesa“ börnin um sérstaka atburði, nýjan efnivið, breytingar á dagskipulagi, fjarveru barna og starfsmanna og ýmislegt annað sem kann að hafa áhrif á daginn þeirra.


Hver þáttur dagskipulagsins á sitt tákni og eru þau, ásamt táknum barnanna, notuð til að koma skilaboðunum til skila. Farið er yfir skilaboðaskjóðuna með öllum barnahópnum saman og þau hvött til að „lesa“ hana. Það ýtir undir lestur, eflir málþroska þeirra og hvetur til samræðna, lesturs og skriftar auk þess sem þau læra lestraráttina.

Þegar börnin fá fréttirnar svona myndrænar og fara saman yfir skilaboðin er líklegra að þau muni eftir þeim. Það veitir þeim meira öryggi og ýtir undir sjálfstraust

Íris Dögg Jóhannesdóttir
Aðstoðar-leikskólalastjóri á Mánagarði



ÍRIS DÖGG JÓHANNESDÓTTIR



ÞEGAR BÖRN BYRJA Á MÁNAGARÐI VELJA ÞAU SÉR TÁKN SEM HEFUR SAMU UPPHAFSSTAF OG SAMU UPPHAFSHLJÓÐ OG NAFNIÐ ÞEIRRA.

þeirra. Með því að númera skilaboðin er einnig ýtt undir stærðfræði þar sem börnin læra tölustafina og að telja. Skilaboðaskjóðan veitir börnunum tækifæri til að tala saman, skiptast á hugmyndum og deila þeirri reynslu að „lesa“ saman.

Tákn og svæði

Í HighScope er hverri deild skipt niður í svæði og eru svæðin merkt með einföldum táknum og heitum sem börnin skilja. Þessi tákn eru einnig notuð á marga ólíka vegu þegar börnin velja sér svæði til að leika á.

Þar sem frumkvæði og sjálfstæði eru mikilvægir þættir í HighScope þarf efniviðurinn að vera aðgengilegur og vel merktur svo börnin geti valið, náð sér í efnivið sjálf, leikið með hann og skilað honum aftur. Þar sem umhverfi okkar er ekki allt eins þá eru ekki allar merkingar eins á leikskólanum.

Á hverri deild eru a.m.k. sex mismunandi merkingar á efniviðnum og hillunum svo börnin læra að lesa úr ólíkum merkingum og læra þannig að lesa í umhverfi sitt. Hver kassi og staðurinn sem

hann er á hafa sömu merkingu. Merkingarnar eru m.a. ljósmyndir, ljósrit, myndir úr bæklingum og teikningar.

Börnin á Mánagarði hafa greiðan aðgang að bókuum, blöðum og skriffærum og geta gripið í það þegar löngunin til að skrifa kemur yfir þau. Á elstu deildinni er skrifborðssvæði með efnivið sem hvetur börnin til að skrifa og lesa, læra formin, tölurnar, skrifa litla stafi og stóra og koma hugsunum sínum á blað með þeim hætti sem hentar þeim best.

Á hverri deild er söngmappa með myndum sem tengjast lögnum á einn eða annan hátt. Börnin fletta í gegnum möppuna og velja lög fyrir söngstundir. Þau læra mjög fljótt að þekkja lögin af myndunum. Hér í þessari grein má t.d. sjá myndina við lagið „Bangsi lúrir“.

Sífelld lestrarhvatning

Lestur er afar mikilvægur og við gerum okkur fyllilega grein fyrir því og notum hvert tækifæri sem við getum til að ræða við börnin, lesa fyrir þau, segja þeim sögur og síðast en ekki síst hlusta á hug-



SKILABOÐASKJÓÐAN ER STÓR HLUTI AF ÞVÍ AÐ ÝTA UNDIR ÁHUGA Á LESTRI.

myndir þeirra, skoðanir og langanir. Börnin á Mánagarði eru hvött til að lesa og skrifa við hvert tækifæri, allt umhverfið er fullt af táknum sem eru skiljanleg börnunum en stundum óskiljanleg foreldrum. Börnin mega koma með bækur að heiman á hverjum degi og þau eru hvött til að lesa sjálf, lesa fyrir hvert annað og skoða ólíkar bækur, blöð eða bæklinga.

Það er því mikil áhersla lögð á ólíkar tegundir læsis á leikskólanum Mánagarði.



Á HVERRI DEILD ER SÖNGMAPPA MEÐ MYNDUM SEM TENGJAST LÖGUNUM Á EINN EÐA ANNAN HÁTT. HÉR ER MYNDIN VIÐ LAGIÐ „BANGSI LÚRIR“.



Í HIGHSCOPE ER HVERRI DEILD SKIPT NIÐUR Í SVÆÐI OG ERU SVÆÐIN MERKT MEÐ EINFÖLDUM TÁKNUM OG HEITUM SEM BÖRNIN SKILJA.

Hjallastefnan

skýr skilaboð á kjarnyrту máli

Margrét Pála Ólafsdóttir
Fræðslustjóri
Hjalla-
stefunnar

„Þetta er allt í lagi; það gengur bara betur næst,“ sagði fimm ára drengur sem horfði társtokknum augum á fyrirheitna kakóglasið sitt í hundrað þúsund molum á flísagólfinu og hinn dýrmæta vökva flæða um sama gólf. Kaffihúsagestirnir sátu agndofa og brostu svo út að eyrum til smávöxnu hetjunnar sem hafði orð á reiðum höndum til að glíma við tilveruna.

Þessi saga er ekki einsdæmi heldur ein af mörgum frásögnum af því hvernig orðasafn Hjallastefunnar nýtist leik- og grunnskólabörnum. Orðasafnið, eða verkfærakistan eins og það er stundum nefnt, er með vandlega völdum orðum og setningum til að nota við öll hugsanleg tækifæri.



Með þessu móti nýtum við Hjallastefnufólk tungumálið á marksækinn hátt með það fyrir augum að kenna börnum að

takast á við sjálf sig, til að eiga samskipti við önnur börn og almennt til að fást við öll þau verkefni sem verða daglega á vegi þeirra.

„Ég fann kjarkinn minn,“ hrópar sigri hrósandi stúlka, berfætt úti í snjónum. „Æfingin skapar meistarann,“ tautar drengur þar sem hann baukar með þrjóna sem gegna honum ekki tafarlaust. „Við gátum sjálfir lagað samskiptin því við notuðum orðin okkar,“ tilkynna nokkrir vaskir snáðar með bros á vör. Það þýðir að átök höfðu komið upp en með því að ræða saman, tókst þeim að stöðva sig og komast aftur í góðan leik.

Orðanotkun kennara í Hjallastefnustarfi felur líka það í sér að vanda málfar sitt með tilliti til kynjajafnréttis. Þannig er „frábær“ notað sem hvatning fyrir bæði stúlkur og drengi



enda er orðið eins í bæði karl- og kvenkyni. Hugtakið „leiðtogi“ sem aðstoðardrengur kennara í heila viku heitir „valkyrja“ fyrir samsvarandi hlutverk hjá stúlknaðópum. „Þrautakóngur“ eða „þrautadrottning“ er heiti á sama leik en fer eftir kyni þess hóps sem leikur hann hverju sinni.

Annar þáttur í málfari Hjallastefnukennara er að vanda val orða út frá gildi þeirra og forðast hugtök sem hafa verðfallið í almennu uppleði. Slíkt verðfall getur átt sér stað vegna ofnotkunar þar sem mikilvæg orð og setningar hafa með tímanum orðið klisjukennnd og glatað þar með merkingu sinni. „Vertu nú dugleg stúlka“ eða „ég var búin að segja þér að vera góður í veislunni“ eru ósköp óskiljanlegar klisjur sem börn skilja ekki hvað þýða og geta því ekki orðið við þeim væntingum sem fullorðnir telja að felist í skilaboðunum.

Verðfallið getur einnig stafað af því að orðin hafa verið notuð á börn án ábyrgðar þar sem eitt er sagt í orði en annað gerist á borði. Hvað þýðir að segja börnum að klæða sig en svo er pabbinn eða mamman óratíma að hafa sig af stað og barnið er á köfnunarmörkum í öllum dúðunum? Þarna lærir barnið að þótt fullorðnir segi eitt meini þeir í raun og veru eitthvað annað og þar með glata orðin mætti sínum. Þess vegna leitar Hjallastefnufólk að orðum og setningum sem skólinn sjálfur gefur gildi með skýrum skilaboðum. „Það er í boði að laga hegðunina núna“ eða „ætla þú að stýra höndunum þínum eða á ég að gera það?“ eru dæmi um hegðunarfyrirmæli sem Hjallastefnubörn skilja og vita nákvæmlega hvað þýðir, bæði í orði og á borði. „Veldu að taka gleðina þína aftur“ er jákvæð hvatning og áminning um að við getum valið líðan

okkar. „Huggaðu vin þinn og fadmaðu hann“ eru skýr skilaboð ef einhverjum verður á að græta annað barn og svo „elskið friðinn og verið vinir aftur“ eru gagnleg fyrirmæli til að gera gott úr öllu í stað þess að leita eftir blóraböggli.

Jákvæð skilaboð og hlýja eru í forgrunni. „Kæra vinkona“ eða „kæri vinur“ eru algeng ávarpsorð til að minna alla á umhyggju og væntumþykjuna sem er æfð á hverjum degi. „Ég skal hjálpa þér svo að þér gangi vel“ eru síðan dæmi um jákvæði skýr skilaboð til bæði barns og kennara að það sé hlutverk kennarans að tryggja velgengi barnsins í skólanum til að skammir þurfi ekki að eiga sér stað. Svo minnum við kennarar okkur á að segja ekki „ekki“ sem er óvirkt og aftengjandi hugtak sem gefur börnum engar upplýsingar um hvað á að gerast heldur æfum okkur stöðugt á jákvæðum virkniskilaboðum um það sem á að vera og á að gera. Þá munu börn bæði heyra og skilja þau orð sem við sendum til þeirra.

Börn eru stórgáfað fólk og skilja fullkomlega auðugt og blæbrigðaríkt íslenskt mál og barnslegt er ekki það sama og barnalegt. Barnalegt er oft



MARGÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR

heimskuleg fullorðinsútgáfa af misskilinni hugsun barna og hið einfalda og snauða barnalega mál skulum við forðast. Barnslegt mál er hins vegar ríkt og hlýtt, jákvætt, beinskeytt og öllum skiljanlegt, án tvíræðni, án hæðni og án undirliggjandi skeytasendinga. Barnslegt málfar er trúlega mesta og besta mál sem til er og það skulum við tala við börn – og það skulum við líka æfa á fullorðinssviðinu.



Skapandi og skemmitleg málfræðikennsla

Um málþingið *Víst er málfræði skemmtileg*



SIGURÐUR KONRÁÐSSON

Samtök móðurmálskennara, ásamt Íslenska málfræðifélaginu, Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, héldu málþing 15. nóvember 2012 undir yfirskriftinni: *Víst er málfræði skemmtileg! En skapandi málfræðikennsla gerir hana enn skemmtilegri*. Fundarstjóri var Ingibjörg Bryndís Frímansdóttir og setti hún þingið með stuttri hvatningu til kennara um að rífa sig upp úr hjólförum.

Fyrstar töluðu þær Hanna Óladóttir og Margrét Guðmundsdóttir og spurðu: *Er útikennsla*

málið? Þær lögðu áherslu á að hugtakakennsla væri óþarflega mikið notuð ásamt meðfylgjandi fullgreiningu. Hanna og Margrét töldu ástæðu til að kennarar legðu aukna áherslu á sköpun og uppgötvun, til dæmis með því að láta nemendur í hópum hlusta á upptökur af máli barna og gamals fólks. Leggja þyrfti áherslu á að nemendur í grunnskóla kunna málfræði. Á næstu bls. birtist grein sem unnin er úr þessum fyrirlestri og heitir hún „Málfræðikennsla – uppgötvun í öndvegi“.

Næstur talaði Davíð Stefánsson. Hann kallaði erindið *Ullað (upp) á íslenska tungu*. Hann vildi að áhugi barna yrði eflur og taldi að málfræðireglur væru ekki hollt námsefni. Leggja þyrfti áherslu á spurninguna: Hvað er tungumál?

Henni má meðal annars svara með því að benda á hvílíkt vald getur falist í tungu.

Síðastur frummælenda var Ragnar Þór Pétursson og ræddi hann um *Nýjar leiðir að gömlum markmiðum*. Hann benti á að lengi hafi verið talað um að tungunni hraki og virtist ekki lát á því. Ragnar Þór sagði að nú virtust samt sem áður blikur á lofti, ekki síst með nýrri tækni. Vandí málfræðikennslunnar væri þrískiptur, viðhorfsvandi, námsefnisvandi og kennsluvandi. Hann vildi að nemendur yrðu virkari í að afla dæma um málnotkun og lauk erindi sínu með því að hvetja kennara til að nota tímann í eitthvað skemmtilegt.

Að erindum loknum fóru fram umræður. Margir tóku til máls og mikill hugur var í gestum og frummælendum. Málþingið var fjölsótt og þótti takast vel. Samkoman sýndi vel þörfina á því að íslenskukennarar hittist þótt stundum geti verið erfitt að finna stund í dagsins önn.



Sigurður Konráðsson
prófessor
við Mennta-
vísindasvið
Háskóla
Íslands.

Málfræðikennsla:

Uppgötvun í öndvegi

Þegar nemendur ljúka grunnskóla eiga þeir samkvæmt aðalnámskrá að hafa á valdi sínu fjölda málfræðihugtaka og hafa náð góðum tókum á að beita þeim við málfræðilega greiningu. Í námskránni er einnig fjallað um mikilvægi þess að nemendur séu færir um að nota þessi málfræðihugtök til að ræða um tungumálið.

Í því sambandi teljum við að það sé lykiltríði að nemendur átti sig á því að hugtökin og greiningin lýsa þeirra eigin máli, lýsa kunnáttu sem þeir búa sjálfir yfir. Í þessari grein bendum við á leiðir sem við teljum færar, til viðbótar við hefðbundnar leiðir, til að ná þessum markmiðum. Þær felast í því að nemendur rannsaki eigið mál og annarra, frá máltökuskeiði til fullorðinsára.

Slík nálgun er í samræmi við aukna áherslu á uppgötvunarnám og sköpun, sem er einn grunnþáttur menntunar í almennum hluta nýútkominnar aðalnámskrár frá 2011.

„Athugun á eigin máli færir nemendur nær máli sínu og líklegra er að þeir fari smám saman að líta á það sem dýrmæta eign sem sé til margra hluta nytsamleg og vert að rækta.“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2012: Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál:15). Þessi orð má finna í drögum að nýrri aðalnámskrá í íslensku fyrir grunnskóla og kveður þar við nokkuð nýjan tón á þeim vettvangi.

Hér er í fyrsta skipti bent á kosti þess að nemendur rannsaki sitt eigið mál sérstaklega þó að áður hafi verið bent á í aðal-

námskrám grunnskóla að málkunnátta nemenda ætti að vera í forgrunni í málfræðikennslu og að vinna ætti út frá henni, sbr. núgildandi námskrá (Aðalnámskrá grunnskóla 2007: Íslenska:1.1). Við teljum að slík málleg sjálfskoðun væri til margra hluta nytsamleg, því að þótt tungumálið sé vissulega sameign okkar sem það tölum er það líka nokkurs konar séreign sérhvers málnotanda sem viðheldur henni og notar í eigin þágu.

Hver málnotandi setur sér í raun málstefnu í daglegu tali og á tímum þegar ensk tunga hefur sífellt meiri

áhrif, ekki síst með tilkomu nýrrar tækni, hefur það aldrei verið mikilvægara að sjálfsmynd íslenskra málnotenda sé sterk og litist ekki af minnimáttarkennd.

Í fyrrnefndum námskrárdrögum er ekki að finna frekari útfærslu á því hvernig nemendur eigi að rannsaka eigið mál. Þar stendur þó (Aðalnámskrá grunnskóla 2012: Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál:15) að nemendur rannsaki eigið mál eða annarra, ritað og talað, og að kennsla felist í að hjálpa þeim að skilja og skilgreina það sem þeir skoða. Hér er talað mál nefnt sérstaklega en athygli nemenda hefur sjaldnast mikið verið beint að því nema ef til vill í gegnum kynningar á staðbundnum framburðarmállýskum og í tengslum við kennslu í framsögn.

Ritað mál hefur jafnan verið í forgrunni í skólasterfinu. Það kemur auðvitað ekki á óvart þar sem eitt helsta hlutverk skólans er að gera nemendur læsa og ritfæra. Fyrir vikið hefur talað mál og eðli þess ekki komist mikið á dagskrá.

Full ástæða er hins vegar til að vinna sérstaklega með talað mál í málfræðikennslu. Þannig gefst kjörið tækifæri til að draga þá grundvallarstaðreynd fram í dags-

Hanna Óladóttir
aðjunkt við Mennta-
vísindasvið
Háskóla Íslands

Margrét Guðmundsdóttir
verkefnastjóri
há
Hugvísindastofnun
Háskóla Íslands

ljósið að nemendur kunna í raun málfræði íslenskunnar að verulegu leyti þegar þeir hefja skólagöngu. Með því er vísað til þess að þeir lærðu á undraverðan hátt strax á fyrstu árum ævinnar að bera málið fram, beygja orð og búa til ný í samræmi við reglur tungumálsins og að skipa þeim rétt í setningar.

Nemendur sem ná ekki góðum tókum á skólamálfraeðinni fá þá ef til vill á tilfinninguna að þeir séu „lélegir í íslensku“. Til að fyrirbyggja slíkar ranghugmyndir er æskilegt að kennarar hafi það í forgrunni í kennslunni að nemendur kunni í raun málfræði móðurmálsins.

Það sem þeir kunna ekki, en er ætlað að læra í skólanum, er að lýsa þessari kunnáttu sinni með ákveðnum hugtökum. Þó að þeir kunni til dæmis hljóð málsins vita þeir ekki hvað orðið *sérhljóð* merkir. Sama gildir um hugtök eins og *nefnifall*, *þátíð* eða *setning* og *frumlag*; allt finnst þetta í máli þeirra þó að þeir kunni ekki á því formleg heiti við upphaf málfræðinámsins.

Þó að kennarar geri sér að sjálf-sögðu grein fyrir þessari þekkingu nemenda sinna, sem þeir öðluð-ust áður en skólagangan hófst, leggja þeir sjaldnast áherslu á að gera þá meðvitaða um að þeir hafi hana. Móguleg afleiðing af þessu er að nemendum finnist að það þurfi að kenna þeim málfræði móðurmálsins, næstum eins og um erlent mál væri að ræða.

Nemendur sem ná ekki góðum tókum á skólamálfraeðinni fá þá ef til vill á tilfinninguna að þeir séu „lélegir í íslensku“. Til að fyrirbyggja slíkar ranghugmyndir er æskilegt að kennarar hafi það í forgrunni í kennslunni að nemendur kunni í raun málfræði móðurmálsins.

Rannsóknir á eigin máli og máli annarra

Einn stærsti ávinningur þess að rannsaka eigið mál og mál annarra er að þannig má ljá skólamálfraeð-inni aukinn tilgang í hugum nemenda. Ef nemendur ná að tengja hugtökin við sitt eigið mál, átta sig á því að hugtökin eru ekki aðeins

merkimiðar á orð á blaði, getur opnast skilningur á eðli tungu-málsins, hvernig það er byggt upp og hvernig það virkar. Um leið verður til skilningur á því hversu margslungið mannlegt mál er og hvað það er í raun mikið undur að við skulum geta beitt þessari kunnáttu án þess einu sinni að taka eftir því í hvert sinn sem við tölum, hlustum eða hugsum.

Ef nemendur rannsaka sjálfir tungumálið og finna í því fyrir-bærin sem „merkimiðarnir“, hug-tökin, eiga við er í senn mun lík-legra að þeir tileinki sér hugtökin og myndi tengingu milli þeirra og tungumálsins. Sá skilningur á málinu sem slíkar uppgötvanir geta kveikt er einnig til þess fallinn að vekja aukinn áhuga á tungumálinu og þá um leið enn sterkari vilja til að rækta það og hlúa að því. Sá sem hefur áhuga getur enn fremur notað hugtakaþekkingu sína til að afla sér fróðleiks um málið og þannig orðið fimari málnotandi.

Hvers konar rannsóknir gætu nemendur gert? Af nógu er að taka því að málið er allt í kringum okkur



HANNA ÓLADÓTTIR



MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

og innra með okkur sjálfum – það streymir um kennslustofuna og samfélagið daginn út og daginn inn og bíður þess að nemendur leiti og finni. En verkefni þurfa eðlilega að vera mismunandi eftir aldri nemendanna og hæfa þroska þeirra.

Tökum sem dæmi nemendur í fjórða bekk. Á þeim aldri er meðal annars farið að fjalla um hugtakið nafnorð. Heimaverkefni bekkjarins gæti falist í að biðja foreldra að nefna fimm hluti. Orðunum, eða úrvali úr þeim, væri síðan safnað upp á töflu og jafnvel leitað að fleiri nafnorðum í kennslustofunni. Öll dæmin ættu að koma frá nemendum sjálfum og umræðan gæti í upphafi snúist um að allir í bekknum kunni nú þegar þessi orð og hafi notað þau oft og mörgum sinnum en sumir hafi lært ný orð í verkefninu eða þegar orðunum var safnað á töfluna.

Í framhaldinu kynni síðan kennarinn til sögunnar hugtakið *nafnorð*, að slík heiti á hlutum sem nemendur nota sí og æ nefnist nafnorð. Áhersla er þá lögð á að nemendur kunni nafnorð og kunni að nota nafnorð, það sé einfaldlega verið að kenna þeim hvað þetta fyrirbæri heitir.

Til að árétt þetta mætti líka benda nemendum á að kannski var fyrsta orðið sem þeir sögðu, mamma, einmitt nafnorð, þannig að þeir höfðu notað nafnorð frá því þeir byrjuðu að tala. Næsta skref gæti þá verið að kynna til sögunnar fjölbreyttari nafnorð en þau sem tákna hluti, eins og dýr, líkamsparta, hugmyndir o.s.frv. og láta nemendur leita í eigin orðabók og annarra.

Eftir því sem nemendur verða eldri skoða þeir flóknari málfræðileg fyrirbæri. Taka má dæmi af boðhætti sagna sem börn á miðstigi gætu tekið fyrir, til dæmis í 6. eða 7. bekk. Til að kynnast honum er hægt að senda nemendur heim

með dagbók þar sem þeir skrá niður hvernig foreldrar þeirra koma á framfæri óskum sínum um að þeir geri eitthvað. Er það með boðhætti, s.s. skipun, „farðu út með ruslið“ eða í spurningaformi, „ertu til í að fara út með ruslið?“

Í skólastofunni bera nemendur síðan saman bækur sínar og ræða hvort boðháttur sé ríkjandi form í fyrirmælum eða hvort þau séu sett fram sem spurningar og við hvaða aðstæður hvort formið komi frekar fyrir. Af þessu hljóast án efa líflegar umræður. Nemendur fá þannig æfingu í að tala um tungumálið og eru líklegir til að hafa náð að tengja hugtakið *boðháttur* við málfræðilega fyrirbærið sem það heyrir til. Fyrir utan önnur hugtök sem þeir þurfa að grípa til eins og *skipun* og *spurning*. (Þessi hugmynd er ættuð frá Sigurði Konráðssyni og Baldri Sigurðssyni.)

Þegar einstök málfræðileg fyrirbæri hafa verið skoðuð á þennan hátt er hægt að fara út í viðameiri verkefni þar sem mál fólks er borið saman. Breytileikinn gæti falist í ólíkum aldri málnotenda, ólíkum aðstæðum málnotkunar eða ólíkum landfræðilegum uppruna fólks. Nemendur tækju upp á upp-tökutæki, eða hreinlega símann sinn, og því myndu slík verkefni henta unglingsstigi vel.

Dæmi um eitt slíkt verkefni væri rannsókn á máli þeirra sjálfra þar sem þeir tækju annars vegar upp samræður sín í milli og hins vegar samræður við eldhúsbörðið með fjölskyldunni. Í framhaldinu skoðuðu þeir hvaða orð og orðasambönd það væru sem þeir notuðu bara við aðrar aðstæðurnar en ekki hinar, eða önnur mismunandi einkenni, eins og lengd setninga. Þegar söfnun gagna hefur farið fram, skráning þeirra og frumgreining, þar sem nemendur hafa reynt að fiska út hvaða orð og orðasambönd þetta eru, leggja allir í skólastofunni niðurstöður sínar í púkk.

Þar með er komið dæmasafn sem gefur tækifæri til að ræða fjölbreyttan mun, greina hvar hann liggur og nota málfræðihugtökin til að átta sig á honum. Hvað er mismunandi? Eru það nafnorð, sagnorð eða atviksorð? Felst munurinn í slettum og tökuorðum? Hvaða orðflokkum tilheyrir þau? Hvað með hikorð, eru þau mikið notuð?

Máltakan er reyndar frábær upphafsreitur í rannsókn á tungumálinu því að það er einfalt í upphafi og því viðráðanlegt umræðuefni. Það verður síðan sífellt flóknara og getur þannig fylgt aukinni hæfni til að greina það málfræðilega.

Síðan má velta fyrir sér félagslega þættinum, af hverju velja nemendur mismunandi orð eða orðasambönd við mismunandi aðstæður? Inn í umræðuna fléttast því sjálfkrafa umræða um mismunandi málsnið og rétt mál og rangt, gott mál og vont.

Æskilegt er að slíkar rannsóknir séu unnar í hópvinnum því að þá geta nemendur rannsakað hver annan og um leið þroskað með sér umburðarlyndi fyrir fjölbreytni í máli fólks. Nemendur ættu að þjálfast í því að nota málfræðihugtökin til að lýsa raunverulegu máli um leið og þeir festa þau enn frekar í sessi og læra ný. Skilningur þeirra á eðli tungumálsins ætti líka að aukast við að rannsaka málnotkun fólks á ólíkum aldri, frá ólíkum stöðum á landinu og við mismunandi aðstæður.

Máltakan sem viðfangsefni

Til viðbótar þessum rannsóknar-efnum má nefna sjálfa máltökuna. Hún er heillandi fyrirbæri og því til þess fallin að vekja áhuga en einnig getur hún varpað ljósi á aðra þætti tungumálsins en verkefni sem þegar hefur verið lýst. Með því að skoða máltökuna má nefnilega fá

innsýn og nokkurn skilning á því hvernig mál lærist en það færir okkur heim sanninn um hversu magnað fyrirbæri tungumál í raun er og að það er mikilvægur hluti af sérhverjum einstaklingi.

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á birtingarmyndum tungumálsins í öllum sínum fjölbreytileika og verði færir um að ræða um mál og málnotkun, bæði sína og annarra.

Máltakan er reyndar frábær upphafsreitur í rannsókn á tungumálinu því að það er einfalt í upphafi og því viðráðanlegt umræðuefni. Það verður síðan sífellt flóknara og getur þannig fylgt aukinni hæfni til að greina það málfræðilega.

Við slíkar rannsóknir nemenda á barnamáli liggur beinast við að byrja á því að skoða fyrstu orð barna. Orðið *mamma* er gjarna eitt af þeim alfyrstu. Aðeins síðar, þegar börn fara að tengja orð saman, birtist tveggja orða stigið, til dæmis *pabbi elda*. Fyrstu orð barna tilheyra opnu orðflokkinum, inntaksorðunum svokölluðu, nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum og svo koma fyrir örfá atviksorð eins og *heima, hérna, úti, inni*.

Fyrst eru allar sagnir í nafnhætti og nafnorð í nefnifalli, sbr. dæmin *mamma* og *pabbi elda*. Kerfisorðin, þ.e. greinir, fornöfn, samtengingar, forsetningar og flest atviksorð bætast hins vegar við seinna. Þegar börn taka síðan til við að beygja er ekki óalgengt að þau segi *hlaupti, maðar* og *litlari*. Við fyrstu sýn virðist sem þetta séu einfaldlega vitleysur.

Þegar betur er að gáð eru þetta merki um regluleika málsins og það hvernig börnin tileinka sér fyrst algengustu reglurnar og síðan þær sjaldgæfari. Þau læra ákveðnar reglur og alhæfa þær síðan svo að þær ná yfir önnur

álíka orð. Í fyrrnefndum dæmum eru algengar reglur alhæfðar og yfirfærðar á orð sem beygjast eftir sjaldgæfara mynstri. Þegar sjaldgæfari reglurnar bætast við málkerfið birtast orðmyndir eins og *hljóp, menn* og *minni*.

Börn eru líka afkastamiklir orðasmiðir og víla ekki fyrir sér að búa til orð ef þau vantar, en jafnan eftir reglum sem þau hafa tileinkað sér. Orðið *tölvuleikari*, sem er raunverulegt dæmi frá barni á máltökuskeiði, sýnir til að mynda að viðkomandi barn hefur komið sér upp þeirri reglu að viðskeytinu *-ari* megi skeyta aftan við nafnorð og mynda gerandnafnorð – sá sem er í tölvuleikjum er tölvuleikari.

Slík dæmi frá börnum bjóða upp á lifandi og lærdómsríka umræðu um eðli tungumálsins þar sem hægt og rólega má kynna til sögunnar viðeigandi hugtök. (Umfjöllun um máltökufærlid er meðal annars að finna hjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005:636–655 og í lesefni sem þar er vísað til.)



Lokaorð

Við höfum aðeins tiltekið örfá dæmi til að sýna hvernig við sjáum fyrir okkur rannsóknir grunnskól barna á tungumálinu. Meginhugmyndin ætti þó að vera ljós, þ.e. að nemendur þurfi að tengja málfræðihugtökin við eigin málfræðipækkingu; þannig eigi þeir auðveldara með að læra hugtökin og átti sig á því að þau eru nokkurs

konar merkimiðar á kunnáttu sem þeir tileinkuðu sér í megindráttum þegar á máltökuskeiði. Þeir séu því engir byrjendur í málfræði móðurmálsins þegar skólagangan hefst. Árangursrík leið til þess er að láta nemendur rannsaka sitt eigið mál og annarra, fá þá til að uppgötva sjálfa.

Við höfum ekkert minnst á ritmálið fram að þessu en rannsóknir á því eru ekki síður mikilvægar en á talmálinu. Þær koma hins vegar ekki í staðinn fyrir talmálsrannsóknir. Ritmálið er allt annars eðlis en talmálið og það er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir því. Á meðan talmálið verður nær sjálfkrafa til hjá heilbrigðum einstaklingi, sem elst upp í eðlilegu málumhverfi, er ritmálið tilbúið fyrirbæri sem þarf að læra sérstaklega. Það er leið mannsins til að koma talmálinu á varanlegt form.

Málfræðipækking nemandans birtist að sjálf sögðu líka í notkun hans á ritmálinu og því er einboðið að hann skoði eigin texta og annarra og málfræðileg fyrirbæri sem þar birtast. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á birtingarmyndum tungumálsins í öllum sínum fjölbreytileika og verði færir um að ræða um mál og málnotkun, bæði sína og annarra. Talmálið sem byrjunarreitur í þessari skilningsleit hefur hins vegar ótvíræða kosti.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla 2007: Íslenska.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti.
- Aðalnámskrá grunnskóla 2012: Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt tákmal. Drög til umsagnar.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2005). Máltaka og setningafræði. Í Höskuldur Práinsson (ritstjóri), *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III (bls. 636–655). Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Íslendingasögum spunninn

Veraldarvefurinn er risastór og voldugur og vel spunninn og þar er fjallað bókstaflega um allt milli himins og jarðar. Horfum okkur nær. Vilji menn til dæmis fræðast um fortíðina, þjóðveldisöldina, er margt í boði. Brynhildur Þórarinsdóttir er sérlegur talsmaður Íslendingasagna og sérlegur áhugamaður um að koma þessum sögum til allra landsmanna, ekki einungis fullorðinna grúskara eða framhaldsskólanema.

Hún hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna til að spinna þráð í fallegan og fróðlegan vef og kallast hinn litríki vefnaður hennar Íslendingasögur og vefslóðin www.islendingasogur.is leiðir forvitinn lesanda að fróðleikum.

Brynhildur Þórarinsdóttir er lektor við Háskólann á Akureyri. Hún hefur gert einar þrjár Íslendingasögur þannig úr garði að þær eru aðgengilegar börnum. Þetta eru sögurnar Brennu-Njáls saga, Laxdæla saga og Egils saga Skallagrímssonar.

Ekki var Brynhildur alveg ein og óstudd í þessari vinnu. Hún fékk til liðs við sig Margréti E. Laxness sem sá um teikningar. Ráðgjafi

Frásögn: Brynja Baldursdóttir



Brynhildar við vefinn var Anna Kristín Þórðardóttir, grunnskólakennari en Dagný Reykjalín hjá fyrirtækinu Bleki sá um vefhönnun og uppsetningu.


Glaðlegir litir og krúttlegar myndir blasir við þeim sem smellir á slóð Brynhildar að vefnum hennar. Þar kennir ýmissa grasa. Vefurinn er hugsaður sem kennslugagn en líka fróðleikskista fyrir þá sem vilja vita meira um forna tíma og lífnaðarhætti manna þá.

Sem kennslugagn er vefurinn afar áhugaverður. Á upphafssíðu segir svo: (Allar beinar tilvitnanir eru teknar af vef Brynhildar.)

„Vefnum er ætlað að auka áhuga á Íslendingasögunum og svara forvitni þeirra sem vita svolítið um þær en vilja vita meira. Við hönnun var gengið út frá því að börn gætu bjargað sér sjálf í vefleiðangrinum og unað sér á ferðalaginu. Reglulega birtast því molar og þrautir sem gefa leiðangrinum skemmtigildi. Vefurinn er auk þess gagnvirkur þannig að notendur hans geta skilið eftir ummæli og athugasemdir – og jafnvel átt í orðaskiptum við söguhetjur Íslendingasaganna.“

Vilji lesandi fræðast um hvernig líf manna var á víkingaöld er kafli sem opnast ef smellt er á hnappinn „Víkingsöld“. Til vinstri á skjánum koma allmargir undirkaflar sem kvíslast í ótal áttir eftir því hvað menn vilja fræðast um og vita meira. Smelli maður á hnappinn „Daglegt líf“ koma í ljós einir tíu aðrir hnappar, til dæmis Fjölskyldan, Íþróttir, Klæðnaður og Tungumál. Svo er bara að forvitnast og kíkja hvað leynist á bak við orðin.

Þar sem Íslendingasögurnar eru uppistaða vefsins er ekki úr vegi að kíkja inn undir hnappa merka þeim. Allar þrjár sögurnar fá svipaða umfjöllun, byrja á innangi og svo er hægt að fræðast um sögu, helstu persónur og söguvið. Meðan hver saga er á skjánum kemst ekkert annað að.



Hér fær Laxdæla saga heilmikla umfjöllun, beinlínis til að hvetja lesandann til að lesa meira og jafnvel taka hina fornu sögu sér í hönd og lesa hana alla! Í inngangi segir Brynhildur:

VEFUR

»Laxdæla hefur öldum saman notið mikilla vinsælda enda er sagan bæði spennandi og rómantísk. Hún er stundum kölluð harmrænasta Íslendingasagan en það merkir að hún er sorglegust ... sagan er ættarsaga og söguhetjurnar berjast við frændur sína og vini. Sigrunum í sögunni fylgir því alltaf mikil sorg. Aðalsöguhetjurnar eru Kjartan og Bolli og Guðrún vinkona þeirra. Kjartan og Bolli eru frændur, fóstbræður og heimsins bestu vinir. Þeir eru ríkir og glæsilegir og flinkir bardagamenn. Þeir eru þó ekki bara öfundsverðir. ... þeir verða nefnilega ástfangnir af sömu stúlkunni, henni Guðrúnu, og berjast að lokum upp á líf og dauða.

Svo er hægt að lesa blogg Guðrúnar Ósvífursdóttur, til dæmis þetta:



BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR

»Óff, ég er bara 15 en samt þarf ég að flytja til þessa leiðindagaur sem pabbi lét mig giftast. Hann er nú meiri auminginn, – sko hann Þorvaldur, ekki pabbi. Ég vil hafa mína menn hetjulegri og hugrakkari...



Um Njálssögu, Brennu-Njálssögu, segir Brynhildur:

»Njála er sennilega frægasta Íslendingasagan en hún er líka ein sú lengsta og flóknasta. Fjölmargar persónur koma við sögu, bæði góðar og vondar, eins og gengur og gerist. Í sögunni eru hugrakkur hetjur sem leggja lífið að veði til að verja sæmd sína og lenda fyrir vikið í ótal deilum og bardögum. Þar eru líka blóðheitar konur og ráðagóðir friðsemdarmenn – og brennuvargar en Njálbrenna er einhver hörmulegasti atburður Íslendingasagnanna ... Njála gerist einkum á Suðurlandi en berst líka út fyrir landsteinana. Flestir atburðir Njálu tengjast tveimur bæjum, Hlíðarenda og Bergþórshvoli. Á Hlíðarenda búa Gunnar og Hallgerður ásamt sonum sínum en á Bergþórshvoli búa Njáll og Bergþóra með börnum sínum ...

Gunnar á Hlíðarenda er frægur að endemum fyrir slitinn bogastreng og þrætur við sína heittelskuðu. En á vefnum bregður fyrir nýjum hugmyndum um efni í bogastrengi. Gunnar bloggar nefnilega og svona hljómar ein hugmynd hans:

»Hef verið að prófa mig áfram með nýjar hártægundir í bogstreng. Hrosshárið hefur reynst

mér best hingað til. Sleit þó hár úr halanum á Búkollu í morgun sem kemur skemmtilega á óvart.



Löngum hefur Egla vakið áhuga manna á flóknum manngerðum og mannlegri hegðun. Var Egill geðveikur eða með athyglisbrest? Brynhildur segir í inngangi:

»Egils saga Skalla-Grímssonar eða Egla er ein elsta og jafnframt blóðugasta Íslendingasagan. Hún er líka mesta víkingasagan og gerist því að stórum hluta í útlöndum. Sagan hefst í Noregi um það leyti sem byggð hófst á Íslandi en henni lýkur á Íslandi um hundrað og fimmtíu árum síðar. Aðalpersóna sögunnar er víkingurinn og skáldið Egill Skalla-Grímsson. Hann er óvenjuleg söguhetja úr Íslendingasögunum enda áberandi ljótur, grimmur og göldróttur. Egill fer oft í viking, rænir fé, ræðst á fólk og brennir bæi eins og víkinga var siður. Hann tekur þátt í ótal bardögum, bæði við herskara víkinga og yfirnáttúrulegar verur ... Egla hefur á sér mikinn ævintýrablað þar sem ásatrú, rúnalegur og alls kyns galdrar koma við sögu.

Egill Skallagrímsson bloggar líkt og aðrar hetjur til forna. Svona orðar hann eina færsluna:

»Egill heiti ég Skalla-Grímsson, Kveld-Úlfssonar Bjálfasonar. Ég er víkingur, skáld, bóndi og bloggari í Borgarfirðinum! Ásgerði minni finnst ég stundum gamaldags svo hún skipaði mér að læra þetta. Lofa engu um árangurinn...

Óhætt er að segja að Brynhildur geri sögurnar aðgengilegar hverjum þeim sem vill lesa, óháð aldri og menntun.

Til að efnið hverfi ekki úr skammtímamanninu er á vefnum boðið upp á ýmiss konar verkefni. Þar skiptist slóðin í tvo stíga, annars vegar fyrir börn og hins vegar fyrir kennara. Börnin geta valið um fjölbreytt efni. Brynhildur segir:

„ Verkefnin hérna eru fyrir krakka sem kunna að hugsa, lesa, skrifa og nota tölvu. Þetta getur þú örugglega allt gert. Stundum þarftu að skrifa svörin, stundum að teikna, búa til tónlist, leikrit eða bío mynd. Verkefnin eru nefnilega úr ýmsum áttum. Þú þarft að leggja heilann í bleyti, fletta í bókunum og á netinu og svo er líka gott að ræða við aðra nemendur, kennarann eða foreldra þína ef þú ert heima. “

Lesendur *Skímu* eru hvattir til að feta þessa slóð og skoða hinn mjög svo áhugaverða vef Brynhildar Þórarinsdóttur. Það verður enginn svikinn af framtaki hennar og mun kynning hennar á Íslendingasögum og lífi víkinga eflaust verða einhverjum hvatning til frekari kynna.

Heimild:

Brynhildur Þórarinsdóttir. (e.d.).
Íslendingasögur. Myndskreytingar:
Margrét E. Laxness. Ráðgjafi við vefinn:
Anna Kristín Þórðardóttir. Vefhönnun
og uppsetning: Dagný Reykjalin hjá
Bleki. Sótt 30. 12. 2012 af islandingasogur.is



Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins er fremur nýlegur framhaldsskóli, stofnaður árið 2008. Hann varð til við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans, sem hafði nokkrum árum fyrr orðið til við sameiningu Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands. Þótt Tækniskólinn sé ekki gamall nær saga hans þannig rúmlega öld aftur í tímann og er samtvinnuð sögu atvinnuþróunar á Íslandi.

Hugmyndafræðin, sem skólinn er rekinn eftir, er ný héraendis og felst meðal annars í því að stofnaðir hafa verið undirskólar sem hver um

sig hefur sérstakan skólastjóra og faglegt sjálfstæði. Undirskólarnir eru Byggingatækni-, Endurmenntunar-, Fjölmennningar-, Hársnyrti-, Hönnunar- og handverks-, Meistara-, Margmiðlunar-, Raftækni-, Skipstjórnar-, Tæknimennta-, Upplýsingatækni- og Veltækniskólinn, auk Flugskóla Íslands.

Safnkostur sem endurspeglar námið

Bókasafn Tækniskólans samanstendur af sameinuðum bókasöfnum Iðnskólans og Fjöltækniskólans. Safnið er staðsett annars vegar í húsnæði skólans

á Skólavörðuholti, hins vegar í Sjómannaskólanum við Háteigsveg.

Þá er aðalskrifstofa skólans staðsett á Skólavörðuholti en bókasafnið á Háteigsvegi hefur síðan 2010 einnig gegnt hlutverki skólaskrifstofu. Fyrir ári var skrifstofan síðan öll sameinuð bókasafni og upplýsingamiðstöð og starfsmenn vinna nú jöfnum höndum í þremur starfseiningum, bókasöfnunum tveimur og skrifstofunni.

Bókasafnið á Skólavörðuholti er staðsett á efstu hæð hússins. Fyrir fáum árum var aðgengi að því lagað

María Bjarkadóttir
bókavörður í
Tækniskólanum



BÓKASAFN TÆKNISKÓLANS SAMANSTENDUR AF SAMEINUÐUM BÓKASÖFNUM IÐNSKÓLANS OG FJÖLTÆKNISKÓLANS. SAFNIÐ ER STAÐSETT ANNARS VEGAR Í HÚSNÆÐI SKÓLANS Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI, HINS VEGAR Í SJÓMANNASKÓLANUM VIÐ HÁTEIGSVEG.

og nú opnast aðalylfta hússins beint inn í safnið en það hefur haft mjög góð áhrif á aðsóknina. Bókasafnið á Háteigsvegi var tekið í gegn nýlega og innréttingar endurnýjaðar en safnið er staðsett í mjög skemmtilegu rými þar sem áður var heimavist Stýrimannaskólans.

Á bókasafni Tækniskólans er lögð áhersla á að safnkostur endurspegli námið sem boðið er upp á við skólann. Stór hluti af bókakostinum tengist faggreinum sem kenndar eru og safnkostinum er skipt þannig að á Háteigsvegi, þar sem kennsla í Skipstjórnar-, Véltækni- og Margmiðlunarskólunum og ljósmyndun fer fram að mestu, eru bækur tengdar þeim greinum ráðandi.

Á Skólavörðuholti má hins vegar finna bækur sem tengjast námi í hönnun, hárgreiðslu, smíðum, málaraíðn og rafvirkjun svo eitthvað sé nefnt. Þessi stefna á einnig við um tímarit en áskriftir tímarita miðast einnig við að styðja við nám og kennslu. Vert er að taka fram að nemendur og starfsfólk skólans hafa þó jafnan aðgang að safnkosti beggja deilda safnsins.

Nokkrir undirskólar Tækniskólans eru ISO-vottaðir og ber bókasafninu þess vegna að eiga allar námsbækur sem kenndar eru. Þetta er nemendum sérlega gagnlegt og námsbækurnar eru mikið nýttar við verkefnavinnu og lærdóm á safninu. Reglulega eru gerðar úttektir á námsbókaeign safnsins til að tryggja að ISO-staðlinum sé fylgt. Safnið er þó ekki eingöngu fræðisafn heldur er einnig boðið upp á hefðbundinn safnkost, svo sem skáldsögur, ævisögur, kvikmyndir, tímarit og fræðibækur almenns eðlis. Auk þess hafa nemendur aðgang að tölvuverum, lesrýmum og hópvinnuherbergjum sem öll eru mjög vel nýtt, ekki síst á prófatímum.

Safnið er einnig upplýsingamiðstöð sem býður upp á fjölþætta þjónustu; meðal verkefna starfsmanna má til dæmis nefna alþjóðamál og umsjón með heimasíðu skólans. Bókasafnið hefur einnig umsjón með prentkortum innan skólans og starfsmenn safnsins veita grunnleiðbeiningar við notkun tölva og prentara með það að markmiði að nemendur geti sjálfir séð um útprentun verkefna og nýtt sér tæknina í sína þágu.

Upplýsingalæsi og heimildaleit

Lögð er áhersla á upplýsingalæsi og nemendum og kennurum er veitt þjónusta við upplýsinga- og heimildaleit og aðstoð við mat á heimildum. Í samstarfi við kennara í lífsleikni hefur nýnemum verið boðið í sérstaka kennslustund í upplýsingalæsi þar sem farið er yfir leitaradferðir á netinu, mat á heimildum og gagnlegar upplýsingalindir. Nemendur vinna verkefni í lok tímans þar sem þeir finna sjálfir upplýsingar eftir þeim leiðum sem kenndar eru. Kennslan fer fram á bókasafninu og er tækifærið notað til að kynna nýnemum starfsemina, safnkostinn og þjónustuna sem er í boði.

Nýlega var farið af stað með verkefni fyrir útskriftarnemendur sem fólst í upprifjun á upplýsingalæsi og leiðbeiningum í framsetningu og frágangi á loka-verkefnum. Nemendur voru þá fræddir um það hvernig stórt verkefni er sett upp og meðal annars var farið í uppsetningu heimildaskrár og notkun tilvísana. Aðspurðir í lok kennslunnar töldu nemendur hana munu koma að góðum notum og verður vonandi framhald á þessu verkefni fyrir komandi útskriftarnema.

Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans er nýtt bæði til



MARÍA BJARKADÓTTIR

náms og starfs og er í auknum mæli vinsæll samkomustaður meðal nemenda sem hittast til að vinna verkefni, læra saman eða láta tímann líða milli kennslustunda og í hléum. Fjölbreytnin í starfinu hefur gefið góða raun og hlutverk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar verið samtvinnuð með því að leggja áherslu á aðgengi að upplýsingum, hvaða formi sem þær kunna að vera. Tækifærin leynast þannig víða og miklir og spennandi framtíðarmöguleikar fyrir starfsemi safnsins.



Kræklótt, bugðótt og sveigð ævisaga Þ-sins

Um bókina
ð-ævisaga
eftir Stefán Pálsson,
Anton Kaldal Ágústsson,
Gunnar Vilhjálmsson og
Steinar Inga Farestveit

Bókin *ð-ævisaga* hefst árið 1877 og segir frá minnisvarða sem til stóð að reisa á gróf Sigurðar Guðmundssonar málara. Sigurður hafði látist í kjölfar lungnabólgu sem hann krækti sér í þegar hann vann við að skreyta Þingvallasvæðið í tilefni af komu Kristjáns níunda til Íslands sumarið 1874.

Vinir hans vildu minnast hans með ápreifanlegum hætti og létu höggva látlausan legstein og var það gert í Danmörku. Þegar taflan kom til Íslands voru umbúðirnar rifnar utan af með mikilli eftirvæntingu en það þyrmdi yfir vini málans þegar þeir litu á töfluna: „Í staðinn fyrir Þ-ið í bæði nafni og föðurnafni málans, blasti við fáránlegur bastarður, D með striki í gegnum bogann en ekki leggin.“ (án bls.)

Hér endurspeglast stolt Íslendinga yfir stafnum „sínur“, vandræðagangurinn sem fylgir því að halda fast í sitt og synda móti straumnum, sem og hvernig Þ-ið teygir skanka sína og boga inn í ýmsa viðburði Íslands-sögunnar og jafnvel heimssögunnar. Svo ferðast lesandinn fram og til baka í tíma og á milli landa og þótt bókin sé eflaust skrifuð með fullorðna lesendur í huga hafa stálpaðir krakkar og unglingar eflaust bæði gaman og gagn af henni.

Hér verður fjallað um efnistöð þessarar sérstæðu ævisögu og staldrað við á völdum stöðum. Að lokum er því stuttlega velt upp hvernig hægt sé að nýta verk sem þetta við móðurmálskennslu, einkum með tilliti til samþættingar námsgreina eins og lögð er áhersla á að gert sé í Aðalnámskrá grunnskóla (2007).

Frá munkum á miðöldum til Rasmusar Rask

Þ-ið barst frá Englandi til Íslands í miðaldahandritum og Íslendingar tileinkuðu sér þennan staf um það leyti sem hann var að hverfa úr ensku ritmáli. Sögumaður leiðir lesendur inn í klaustur, í ránsferðir með víkingum og segir frá nýjustu tísku í handritagerð og bendir á hversu ómóðins Íslendingar voru: Þeir héldu í Þ-ið löngu eftir að Englendingar höfðu sagt skilið við það.

Á fimmtánda öld hverfur Þ-ið svo úr íslenskum handritum eftir tveggja alda viðdvöl og kom ekki aftur fyrr en löngu seinna.

Í þessum hluta bókarinnar, sem lýkur með brotthvarfi aðalpersónunnar af sjónarsviðinu, er vakin athygli á mismunandi gerðum stafrófa – því að ekki séu ávallt sömu stafir eða sami fjöldi stafa í stafrófum á milli landa og tímabila og að sumir stafir eigi sér lengri og flóknari sögu en aðrir. Lesendur eru fræddir um kristni, bæði á Íslandi og erlendis og upphaf ritmenningar hér á landi og sagan er ekki síst áhugaverð fyrir þær sakir að allt hnitast þetta í kringum eina aðalpersónu.

Í öðrum meginhluta bókarinnar, „Uppgjörinu við Róm“ er svo fjallað um Hinrik áttunda Englandskonung og kvennafar hans og valdatíð Elísabetar fyrstu – en það var á hennar valdatíð sem Þ-ið dúkkaði fyrst upp á prenti. Þar er einkum að þakka Matthew Parker, biskupi af Kantaraborg. Um langt skeið hafði þessi endurupptaka á Þ-inu ekki sérstök áhrif hér á Íslandi.

Fjallað er um prenttækni og siðaskipti í Evrópu og þær miklu breytingar sem þessi tækni hafði á heiminn. Gutenberg fær sitt rými en einna áhugaverðust er umfjöllun um stafsetningu sem pólitískt tæki. Og þá færumst við nær Rasmusi Kristjáni Rask.

Ólíkt því sem margir halda framan af er stafsetning ekkert náttúrulegt mál og stöðlun íslenskunnar hófst ekki af alvöru fyrr en í byrjun 19. aldar. Fram að þeim tíma var hún fremur einstaklingsbundin og menn brúkuðu gjarna heimasmiðaðar reglur eftir eigin hentugleika.

Samfara aukinni prentun dreifingu, orðabókum og fleiri nýjungum í miðlun kom fram þörf fyrir samræmda stafsetningu og sá sem átti einna stærstan þátt í samræmingu íslenskrar stafsetningar var Rasmus Kristian Rask sem fæddist þann 22. nóvember árið 1787 í smábænum Brændekilde á Fjóni.

Sögumaður rekur ferli Rasmusar í stuttu máli, frá æsku til námsára, Íslandsheimsóknna og starfa meðal Bókmenntafélagsins og um áhrif hans á íslenska tungu segir (67):

„Þáttur Rasks í mótun íslenskrar málfræði og stafsetningar reyndist afdrífariður fyrir íslenskt ritmál. Markmið Rasks var að búa til eitt og sama ritmálið fyrir íslensku fornritin og málið sem talað var í samtímanum. Fyrir vikið varð meiri áhersla á uppruna og sögulega hefð en framburð einvörðungu. Fyrning tungumálsins varð þannig hluti íslenskrar málverndarstefnu.“

Rask skrifaði kennslubækur í réttitrun fyrir ungmenni og komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skjóta inn þessum sérkennilega staf, Þ-inu. Þetta var í samræmi við þá trú hans að hlutverk Íslendinga í heiminum væri að halda lifandi hinu gamla fornritatungumáli. Félagar hans í bókmenntafélaginu voru ekkert hrifnir af þessu en að lokum var þetta látið eftir honum.

Menn litu svo á að þeir skulduðu honum það að hann ætti einn bókstaf í íslenska stafrófinu. Og þessi stafur hefur verið þar síðan og varla nokkrum manni sem dettur í hug að skrifa ekki Þ.

Helga
Birgisdóttir
ritstjóri *Skímu*

Frá stöfum á bók til stafa á skjá

Síðustu tveir kaflar bókarinnar, „Stafir á bók“ leiða lesendur í allan sannleika um prenttækni og prentsmiðjur, leturgerðir og leturframleiðendur, hvers vegna notast er við latneskt letur en ekki gotneskt eins og eitt sinn var gert, auk þess sem velt er upp ýmsum útlitsvandamálum, sem fólust m.a. í því að ákveða hvort Íslendingar ættu að taka upp d með striki, líkt og suðurslavnesku þjóðirnar, eða halda í hið óvenjulega útlítandi ð eins og ofan á varð.

Síðari hugmyndin hugnaðist Rask en í huga hans var hið óvenjulega útlit kostur því að það „fól í sér vísun í fornu handritin og var svo afgerandi frábrugðið d-inu að þeim yrði ekki ruglað saman“ (124).

Við færumst sífellt nær nútímanum og í síðasta kaflanum, „Stöðluð vandamál“ er komið að tölvutækninni, Alþjóðastaðlastofnuninni og Staðlaráði Íslands. Sagt er frá því hvernig ð-ið rataði inn á staðlatöflur auk þess sem fjallað er um afskipti grafískra hönnuða af útliti ð-sins og hvers vegna fór að síga á ógæfuhliðina hvað ð-ið varðar upp úr 1970 með aukinni útbreiðslu offsetprentunarinnar (151):

„ Leturgerðum snarfölgaði og hægt var að kaupa þær ódýrt í gegnum misábyggilega heildsala. Sölumennirnir sendu svo handgerðar teikningar af þ, ð og æ til höfuðstöðvanna og gat útkoman á hinu endanlega letri orðið býsna skrautleg “

Einstaka menn börðust svo fyrir smekklefum ð-um og eins og vant er á Íslandi réðu vinskapur, ættartengsl og áhrif miklu. Síðan komu tölvurnar til landsins og þær urðu, á undraskömmum tíma, að almenningsseign. Barátta ð-sins, og annarra sértákna á borð við æ og þ, er rakin og í lokin stendur aðalsöguhetjan uppi sem sigurvegari.

Sambættingarmáttur ð-sins

Í sögu ð-sins koma saman ólíkar og næstum óhugsandi persónur, staðir og jafnvel tímabil. Snertifletirnir sem verða til, eða voru það kannski alltaf án þess að nokkur veitti því eftirtekt, vekja lesandann til umhugsunar – og fá hann til að brosa.

Hvað er annað hægt þegar ð-inu er líkt við síðansandi John Travolta í Saturday Night Fever eða þegar umfjöllun um klúra textasmíð og nafnskipti söngvarans Prince leið ósjálfrátt yfir í nokkrar klausur um íslenska fótboltaþegarinn Gylfa Sigurðsson? Hvað með þá staðreynd að í einni og sömu bók koma fyrir Beda munkur, málfræðingurinn, Rasmus Kristian Rask, „listamaðurinn-sem-áður-nefndist-Prince“ og íslenskir leturfræðingar.

Þegar svona hrærigrautur myndar skiljanlega – og meira að segja skemmtilega – heild ætti svo sem ekki að koma á óvart að heill kafli um staðla og leturlista geti verið besta afþreying.

ð-ævisaga er ekki aðeins skemmtileg heldur einnig stórfróðleg og í henni liggja skemmtilegir möguleikar í kennslu. Í þeim hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2007) sem fjallar um íslenskukennslu er lögð áhersla á mikilvægi þess að samþætta íslensku og aðrar námsgreinar. Nefnd eru dæmi um það þegar nám er skipulagt með söguaðferðinni og þegar nám í íslensku er samþætt upplýsingamennt og miðlun í skapandi verkefnum.

Þá er jafnframt bent á að samþætting íslensku og listgreina sé „til þess fallin að styrkja skapandi skólustarf og glæða námsáhuga og árangur með öðrum hætti en bóklegt nám gerir“ (6).

Augljós eru tengslin á milli sögu ð-sins og sögu stafrófa, skriftar, leturgerða og prenttækni en allt er þetta nátengt bókmenntum, málstefnu, útgáfu og málnotkun svo að fátt eitt sé nefnt. Þá býður við-

fangsefnið einnig upp á tengsl við málfræðikennslu og ekki má gleyma því að bókstafir eru „afleiðing ákvarðana sem teknar voru í fortíðinni. Ákvarðana sem oftast en ekki mótuðust af tísku eða hugmyndafræði síns tíma“ (21).

Þetta leiðir út í umfjöllun um hlutverk, stöðu og völd stafsetningar og prentmiðla – umfjöllun sem tengist t.d. sagnfræði og stjórnmálafræði. Saga ð-sins leiðir okkur einnig til Fjölsmanna, íslenskra bókmennta og sjálfstæðisbaráttunnar – enda tungumálið ein af helstu röksemdunum sem notaðar voru fyrir því að Íslendingar ættu að fá sjálfstæði.

Saga ð-sins er líka samtímasaga og fléttast inn í sögu grafískrar hönnunar og tölvuþróunar, bæði hér á landi og erlendis. Þannig gæti ð-ið auðveldlega fléttast inn í kennslu á sviði myndlistar og grafískrar hönnunar. Það mætti jafnvel fá nemendur til að teikna eða hanna ýmsar útfærslur ð-sins út frá ólíkum sögulegum forsendum.

Þá má tengja sögu ð-sins við sögu tölvunnar, bæði hér á landi og erlendis, og þeirri þróun sem hefur átt sér stað á þeim vettvangi. Og vitanlega gildir hið sama um hina íslensku stafina, æ og þ, að langmestu leyti.

Í ð-ævisögu er að finna umfjöllun um ótal margt sem snertir íslenskt mál frá fjölda sjónarhorna, ekki hvað síst málpolitík. Það gerir umfjöllun um tungumál og bókmenntir vafalaust meira lifandi en ella fyrir nemendur auk þess sem tengslin við nútímatækni ætti að vekja áhuga þeirra. ð-ævisaga er tilvalin leið til að efla áhuga á íslenskri tungu, tilvalin leið til að rýna í hið smáa og koma um leið auga á heildarmyndina.



Árin 2011 og 2012 kom *Skíma* út sem rafrit, tvö tölublöð hvort ár, og birtist sem vefsíður á vefsvæði Samtaka móðurmálskennara.

En vefkerfi koma og fara og eru í örri þróun á meðan hönnun prentgripa er sígild.

Frá og með árinu 2013 var þráðurinn tekinn upp á ný og *Skíma* gefin út sem prentað tímarit.

Um leið var ákveðið að endurhanna vef-tölublöðin fjögur sem prentgripi og birta sem PDF-skjöl á vefnum þannig að bæði sé hægt lesa þau af skjá og prenta út, en hætta birtingu sem aðeins var sniðin að lestri af skjá.

Um leið verður unnt að vísa til innihalds tölublaðanna fjögurra með hefðbundnu blaðsíðutali í stað vefslóða.